FRÉTTABLAÐIÐ

135. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 13. JÚLÍ 2021

Ávinna sér ekki bótarétt í átaki

Yfir 4.500 einstaklingar sem ráðnir hafa verið í störf í gegnum átak Vinnumálastofnunar, Hefjum störf, ávinna sér ekki bótarétt á meðan þeir sinna starfinu. Flest störfin eru í ferðaþjónustu.

birnadrofn@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Einstaklingar sem ráðnir hafa verið í störf í gegnum átak Vinnumálastofnunar, Hefjum störf, ávinna sér ekki bótarétt þann tíma sem þeir sinna starfinu. Alls hafa yfir 4.500 einstaklingar verið ráðnir í störf í gegnum átakið.

Markmið átaksins er að skapa tímabundin störf í samvinnu við atvinnulífið, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök. Í því felast meðal annars ráðningastyrkir.

Samkvæmt reglugerð sem kveður á um ráðningu atvinnuleitenda með styrk úr Atvinnuleysistryggingasjóði er Vinnumálastofnun heimilt að gera samning við „fyrirtæki, stofnun eða frjáls félagasamtök um ráðningu atvinnuleitanda, sem telst tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins“.

Sá tími sem atvinnuleitandinn gegnir starfinu telst þó hvorki til ávinnslutímabils bótaréttar né til þess tímabils „sem heimilt er að greiða viðkomandi atvinnuleitanda atvinnuleysisbætur“.

Einstaklingur getur samtals átt rétt á atvinnuleysisbótum í 30 mánuði frá því að sótt er um bætur. Launamenn á aldrinum 18-70 ára eiga fullan bótarétt hafi þeir starfað samfellt á innlendum vinnumarkaði síðustu 12 mánuði áður en sótt er um atvinnuleysisbætur.

Spurð að því hvort það að atvinnuleitendur vinni sér ekki inn bótarétt í störfum sem fást í gegnum átakið Hefjum störf hafi áhrif á það hvort fólk þiggi síður störfin eða þiggi frekar annað starf sem ekki fæst í gegnum átakið bjóðist þeim það, segir Unnur Sverrisdóttir, forstjóri VMST, það ekki gott að segja.

> ”Við höfum unnið ákveðna undirbúningsvinnu en erum enn að vega og meta út frá ýmsum forsendum hvort við munum nýta þetta úrræði.”

Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair

„Bótarétturinn geymist óbreyttur og sennilega eru flestir sem fara í vinnu hvort sem er í gegnum Hefjum störf eða ekki að vona að um framtíðarstarf sé að ræða,“ segir hún. „Þeir sem missa starfið þegar tímabili styrksins lýkur og fá ekki annað starf, ganga inn í sinn gamla bótarétt eins og hann var við upphaf ráðningartímans með styrk,“ bætir Unnur við.

Meiri hluti þeirra starfa sem ráðið hefur verið í í gegnum átakið eru í ferðaþjónustu, 1.892 störf í gistiþjónustu og 1.553 störf í ýmiskonar ferðaþjónustu.

Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair, sem er stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins, segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort úrræðið verði nýtt eða ekki.

„Við höfum unnið ákveðna undirbúningsvinnu en erum enn að vega og meta út frá ýmsum forsendum hvort við munum nýta þetta úrræði,“ segir hún. ■

Ferðaþjónustan fljótari að ná sér

thorvardur@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Alls voru brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll í júní rúmlega 42 þúsund sem er næstum þreföldun frá því sem var í maí. Bandaríkjamenn voru stærsti hópur ferðamanna sem hingað kom í síðasta mánuði en þar á eftir komu Pólverjar og Þjóðverjar. Frá áramótum hafa 75 þúsund erlendir farþegar yfirgefið landið. Þetta kemur fram talningu Ferðamálastofu og Isavia.

Ferðaþjónustan hefur tekið hraðar við sér en búist var við og faraldur COVID-19 virðist hafa breytt ferðahegðun þeirra sem hingað koma. Að sögn ferðaþjónustuaðila sækjast ferðamenn meira í einkaferðir og veigra sér við hópferðir með ókunnugum. SJÁ SÍÐU 4

Gullregnið stendur nú víða í blóma í görðum landsmanna. Einhverjir þykjast sjá að blómin þetta sumarið séu ekki eins þrútin og sjá mátti í fyrrasumar. Engu að síður er gullregnið ávallt augnayndi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þorsteinn Sæmundsson verður framsögumaður.

Halda opinn fund um íbúðamissi

arib@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Miðflokkurinn stendur fyrir opnum fundi í kvöld um málefni fólks sem missti íbúðir sínar í fang Íbúðalánasjóðs á árinum 2009 til 2019. Fundurinn fer fram í húsnæði flokksins í Hamraborg kl. 20.

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður flokksins, verður framsögumaður en hann hefur lengi barist fyrir því að fá svör um málið.

„Það voru um það bil tíu þúsund manns sem misstu heimili sín. Það þarf með einhverjum hætti að bæta hlut þessa fólks," segir Þorsteinn. „Ég þori ekki að segja hvernig, þá væri ég að lofa upp í ermina á mér. Ég vonast til að fundurinn marki nýtt upphaf, fólkið sem lenti í þessu getur sagt okkur hvernig það getur náð vopnum sínum."

Meðal þess sem verður rætt um eru samskipti við Umboðsmann skuldara. „Ég er alveg viss um það að jafnræði og upplýsingaskyldu var ekki gætt," segir Þorsteinn. ■

Hlupu upp og niður Súlur í blíðskaparveðri

Það var mikil veðurblíða á Súlum í Eyjafirði um helgina líkt og víðar á Norðurlandi. Hitinn var um tuttugu gráður á fjallinu síðdegis á sunnudag, þá voru um tuttugu manns á fjallinu. Margir þeirra nýttu góða veðrið sér til hins ýtrasta, hreinlega hlupu upp fjallið og aftur niður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Færri gestir og minni gæsla við gosið

thorvardur@frettabladid.is

ELDGOS Óróa er enn talsverður við gosstöðvarnar í Geldingadölum og hefur haldist nokkuð stöðugur undanfarna daga. Bogi Adolfsson, formaður björgunarsveitarinnar Þorbjarnar í Grindavík, segir álagið á sveitinni vera minna þar sem fjölda gesta á svæðinu hafi fækkað og umfang gæslu sveitarinnar minnkað núna yfir hásumarið, fram á haust.

Það velti þó mest á gosinu sjálfu hvert framhaldið verði, ástandið sé endurmetið á hverjum degi þar sem erfitt sé að skipuleggja mikið í kringum móður náttúru. „Maður veit ekkert hvað henni dettur í hug," segir Bogi.

Meðlimir Þorbjarnar og það björgunarsveitarfólk sem hefur tekið þátt í gæslu og aðgerðum við gosið hafi verið orðið afar lúið og því kærkomið að draga saman seglin. „Við erum að fylgjast með úr laumi," segir hann um það hvernig gæslunni sé háttað nú.

Dregið hefur verið úr gæslu björgunarsveita við eldgosið.

Þó svo að færri sæki gosið heim nú en verið hefur fari ekki allir með gát. „Það ber svolítið á vitleysingum, halda það að hraunið sé bara storknað, labba á þessu og svona," segir Bogi. Hann segir að fólk sem hagi sér óvarlega við gosið komi bæði frá Íslandi og að utan. ■

Dreifður opnunartími skiptir sköpum fyrir skemmtistaðina

Skemmtanalíf í miðbænum hefur verið í hámarki eftir að öllum samkomutakmörkunum var aflétt fyrir rúmum tveimur vikum. Veitingamaðurinn Arnar Þór Gíslason segir síðustu vikur hafa verið mjög erilsamar.

thorvaldur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI „Það er bara búið að vera alveg frábært og við sjáum það að Íslendingar eru alveg tilbúnir að koma og styðja við bakið á bar- og skemmtistaðaeigendum. Fólk er að mæta fyrr og þeir sem eru lengur eru lengur þannig að þetta blandast bara mjög skemmtilega saman. Allir fá sitt sýnist mér," segir Arnar, sem rekur meðal annars barina English Pub, Den Danske Kro og Lebowski Bar.

Íslendingar eru þekktir fyrir að halda fremur seint út á lífið en Arnar neitar því þó að hlutirnir séu farnir í sama horf og fyrir COVID. Hann segir fólk mæta snemma í happy hour en þeir sem vilji skemmta sér fram eftir nóttu mæti seinna.

Arnar fagnar auknum viðskiptum en viðurkennir þó að vegna álagsins hafi reynst erfitt að manna vaktir.

„Það er álag núna á fólkinu okkar og það er bara töluvert erfitt að ráða inn starfsfólk núna. Við höfum verið tiltölulega heppnir en maður veit af stöðum úti á landi og jafnvel í Hafnarfirði eða Kópavogi sem eiga í miklum erfiðleikum með það," segir Arnar og bætir við að hann viti um staði sem hafi þurft að loka í hádeginu vegna manneklu.

Ekki frétt að nokkrir séu ofurölvi

Síðustu helgar hefur verið mikið að gera hjá lögreglu og viðbragðsaðilum á höfuðborgarsvæðinu og töluvert hefur verið um slagsmál í miðbænum. Arnar segist þó blessunarlega ekki hafa orðið var við slíkt í miklum mæli á sínum stöðum.

Ljósmyndari Fréttablaðsins fangaði stemninguna í miðbænum fyrstu helgina eftir að opnunartími skemmtistaða var lengdur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég held að það sé eina vitið að hafa svona dreifðan opnunartíma, í staðinn fyrir að hafa einhvern ríkisopnunartíma, þá verða bara læti.

Arnar Þór Gíslason, veitingamaður.

„Nei, við höfum bara sloppið tiltölulega vel. Við lásum nú eina blaðagrein hérna síðustu helgi að það voru fjórir sem fundust ofurölvi, mér finnst það nú kannski ekki svaka frétt. Ég held að við hefðum alveg getað fundið fjóra til fimm ofurölvi í COVID þegar allt var lokað," segir hann.

Arnar segir að það að hafa mismunandi opnunartíma á skemmtistöðum vera lykilinn að farsælu næturlífi.

„Maður sér það með dreifðum opnunartíma eins og það er búið að vera, sumir staðir loka ellefu, sumir eitt, sumir þrjú og sumir hálf fimm. Ég held að það sé eina vitið að hafa svona dreifðan opnunartíma, í staðinn fyrir að hafa einhvern ríkisopnunartíma, þá verða bara læti," segir hann. ■

... OOOG SLAKA

TOYOTA RELAX



Við framlengjum ábyrgðina á Toyota bílnum þínum um 12 mánuði* í senn þegar þú kemur í þjónustuskoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota. Toyota Relax er í boði þar til bíllinn verður 10 ára eða hann ekinn 200.000 kílómetra - hvort sem fyrr kemur.

Nánari upplýsingar á www.toyota.is

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

* Toyota RELAX ábyrgð gildir í 12 mánuði frá og með þjónustuskoðun bifreiðar eða í 15 þúsund km akstur (20 þúsund í tilviki Proace) – hvort sem fyrr kemur. Íhlutir sem gert er athugasemd við í þjónustuskoðun og sem ekki eru lagaðir falla ekki undir Toyota RELAX ábyrgð. Bíll er gjaldgengur í Toyota RELAX ef hann er fluttur inn af Toyota á Íslandi, er keyrður minna en 200 þúsund km og er ekki orðinn 10 ára gamall. Bílar með minna en 12 mánuði eftir af núgildandi ábyrgð (5 ára eða 7 ára) eru EINNIG gjaldgengir í Toyota RELAX – að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrirvari við 5 og 7 ára ábyrgð bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

Opið hús í bólusetningu með Pfizer í Laugardalshöll í dag

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Í dag á milli klukkan 10-14 verður opið hús í Laugardalshöllinni þar sem öllum er velkomið að koma og þiggja bólusetningu með bóluefni frá Pfizer. Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, segist telja að í það minnsta nokkur hundruð manns þiggi boðið.

„Við búumst ekki við því að það verði mikil örtröð, flestir þeir sem ætla sér að fá bólusetningu hafa þegar fengið hana," segir Ragnheiður en í gær voru tæplega 240 þúsund einstaklingar hér á landi orðnir fullbólusettir, það er 81,2 prósent allra fullorðinna.

Í vikunni fá um sjö þúsund manns seinni bólusetningu með bóluefni frá Pfizer og um tvö þúsund manns fá seinni skammt af Moderna. Þá fá tvö þúsund seinni sprautuna af AstraZeneca.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir

Líðandi vika er síðasta vika bólusetninga fyrir sumarfrí en bólusetningar hefjast að nýju eftir fimm vikur.

Þau sem fá fyrri skammt af Pfizer í dag fá þann seinni að fimm vikum liðnum en vani er að þrjár vikur líði á milli skammta af bóluefni Pfizer. Ragnheiður segir lengri tíma á milli skammta ekki hafa áhrif á virkni efnisins.

Ragnheiður hefur staðið vaktina í Laugardalshöll frá því að fjöldabólusetningar hófust hér á landi. Hún segist spennt að fara i sumarfrí. „Ætli ég fari ekki bara norður í sveitina og hafi það rólegt og gott." ■

Atvik í fangaklefa til nefndar

arib@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Atvik sem kom upp í fangaklefa á Selfossi um helgina hefur verið tilkynnt til Nefndar um eftirlit með lögreglu og óskað eftir því að ríkissaksóknari fari með rannsókn málsins. Maður var handtekinn vegna ölvunar og óspekta á Kótilettunni aðfaranótt sunnudags.

Samkvæmt lögreglunni á Suðurlandi kastaði hann upp í fangaklefa og fór í öndunarstopp. Var hann endurlífgaður af lögreglumanni og hjúkrunarfræðingi sem var staddur í húsinu. Maðurinn hefur nú verið útskrifaður af Landspítala. ■

Áhrif faraldursins á veitingarekstur voru mjög mikil. Fréttablaðið/Ernir

Einn af tíu með yfir milljón í laun

kristinnpall@frettabladid.is

KJARAMÁL Laun launafólks í fullu starfi voru að meðaltali 670 þúsund krónur á mánuði á síðasta ári. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Hagstofu Íslands.

Heilt yfir var tíundi hver launamaður með regluleg laun undir 400 þúsund krónum og tíundi hver aðili með yfir milljón krónur á mánuði. Hæstu meðallaunin eru í fjármála- og vátryggingastarfsemi. ■

Óvenju skjótur bati í ferðaþjónustu

Fleiri ferðamenn sem koma til landsins um þessar mundir panta sér einkaferðir eða ferðir með fámennum hópum.

thorgrimur@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA „Auðvitað hafa sumir, kannski aðallega eldra fólk, varann á út af COVID," segir Teitur Þorkelsson, leiðsögumaður hjá Fjallvegafélaginu. „En langflestir sem ég hitti eru frekar með áhyggjur af því að festast einhvers staðar út af reglugerðum, stjórnvaldsákvörðunum eða breytingum á landamærum og ná ekki flugi. Allir eru rosalega glaðir með að mega ferðast og þurfa ekki vera með grímur þegar þeir koma hingað."

„Bílaleigubílar eru uppseldir," bætir Teitur við. „Fólkið sem er að koma er mest ágætlega stæðir og bólusettir Bandaríkjamenn, hlutfallslega flestir frá „bláu" ríkjunum þar sem bólusetningar eru lengst komnar. Þetta eru mikið fjölskyldur og hjón sem eru annars vegar að kaupa einkaferðir og hins vegar að leigja bíl og ferðast sjálf. Smárúturnar eru komnar á götuna og ein og ein stórrúta en mest eru þetta litlar ferðir, fjölskyldur í einkaferðum."

Hátt hlutfall Bandaríkjamanna meðal ferðamannanna kemur heim og saman við nýbirta samantekt Rannsóknarseturs verslunarinnar, þar sem kom fram að Bandaríkjamenn hefðu staðið að baki tæplega 60 prósentum allrar kortaveltu á landinu í júní.

Aðrir bera svipaðar sögur af því að margir ferðamenn forðist nú að ferðast í stórum hópum og hneigist fremur til einkaferða. „Við tókum eftir því að það er eins og erlendir gestir fari síður inn í gestastofuna og séu að forðast aðra," segir Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar í Vatnajökulsþjóðgarði. „Það er líka talsvert meira um að fólk sé að ferðast á húsbílum frekar en að tjalda."

Ferðamenn á Íslandi um þessar mundir eru aðallega Bandaríkjamenn, sem voru jafnframt í miklum meirihluta í erlendri kortaveltu í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Okkur var bjargað úr bankakrísunni af eldfjalli og núna er okkur bjargað úr covid-krísunni af eldfjalli!
>
> Teitur Þorkelsson, leiðsögumaður

„Fólk er kannski meira að biðja um einkaferðir og er meira hikandi við að vera með öðru fólki sem er ekki bólusett," segir Dagný Björg Stefánsdóttir, sem rekur ferðaþjónustufyrirtækið Hidden Iceland. „Við erum líka að bjóða áætlanaferðir með litla hópa en fólk er samt hikandi við að vera með fólki í bíl í heilan dag. Ég held að það sé meira bara að fólki finnst óþægilegt að vera í blönduðum hópi af sóttvarnarástæðum."

Viðmælendur eru sammála um að þótt ferðaþjónustan sé ekki komin í þann blóma sem hún var í áður en faraldurinn byrjaði hafi bati hennar verið óvenju skjótur hingað til. Teitur bendir á að ferðamenn séu að bóka ferðir með óvenju stuttum fyrirvara og að það hafi ollið því að viðsnúningurinn í iðnaðinum hafi komið mörgum í opna skjöldu. Bendir hann á að Íslendingar hafi verið með fyrstu Evrópuþjóðunum sem opnuðu fyrir ferðir frá Bandaríkjunum og að eldgosið í Geldingadölum hafi vakið athygli. „Það vilja kannski ekkert allir fara að eldgosinu en Ísland komst svolítið á kortið út af því. Okkur var bjargað úr bankakrísunni af eldfjalli og núna er okkur bjargað úr COVID-krísunni af eldfjalli!" ■

SUZUKI

Way of Life!

SUZUKI ACROSS

PLUG-IN HYBRID

SUZUKI ACROSS TENGILTVINNBÍLLINN ER SPARNEYTINN, UMHVERFISVÆNN OG ÖFLUGUR SPORTJEPPI.

VERÐ KR.
8.590.000

4X4
SUZUKI ACROSS FJÓRHJÓLADRIFINN

Hámarks skilvirkni og ríkuleg akstursánægja sameinast í fjórhjóladrifna tenglitvinnbílnum Suzuki Across.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.
Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

● **Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Fordómar settu svip á annars gott Evrópumót í knattspyrnu

kristinnpall@frettabladid.is

EM2020 Þrátt fyrir þrettán ára langa herferð evrópska knattspyrnusambandsins, UEFA, um að kynþáttafordómar eigi hvergi heima innan knattspyrnunnar fengu þrjár af stjörnum enska landsliðsins, Bukayo Saka, Jadon Sancho og Marcus Rashford að kenna á fordómafullu netníði eftir úrslitaleik Evrópumótsins um helgina. Þremenningarnir sem eru allir dökkir á hörund klikkuðu á vítapunktinum fyrir England sem varð til þess að Ítalir hömpuðu titlinum eftir vítaspyrnukeppnina. Fór strax eftir leikinn að bera á kynþáttaníðsskilaboðum á samskiptamiðlum þeirra.

UEFA, enska knattspyrnusambandið, fjölmörg ensk knattspyrnufélög, margir af bestu knattspyrnumönnum heims og Boris Johnson, forsætisráherra Bretlands, komu öll drengjunum til varnar og fordæmdu netníðingana sem réðust til árásar gegn landsliðsmönnum Englands sem eru allir yngri en 24 ára.

Gareth Southgate reynir að hugga niðurbrotinn Saka eftir vítaspyrnukeppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Þessir leikmenn Englands eiga að vera hylltir eins og hetjurnar sem þeir eru en ekki að lenda í kynþáttaofbeldi á samskiptamiðlum. Þeir sem eru að senda þessi skilaboð ættu að skammast sín," var meðal þess sem Boris sagði og tók Vilhjálmur prins í sama streng.

„Það er óásættanlegt að leikmennirnir þurfi að lenda í þessu. Réttlæti væri að öllum sem senda slík skilaboð yrði refsað."

Vandamál í tengslum við leikinn birtust þó ekki aðeins á samskiptamiðlum þar sem UEFA hóf í gær rannsókn á framkvæmd leiksins og gæti enska knattspyrnusambandið átt von á annarri kæru. Hundruðir enskra stuðningsmanna brutu sér leið inn á völlinn án miða og var talsvert um ofbeldi í nágrenni við Wembley.

Líklegt er að þetta setji verulegt strik í reikning enska knattspyrnusambandsins sem vonaðist til þess að fá úthlutað HM 2030 þegar hundrað ár verða liðin frá fyrsta Heimsmeistaramótinu. ■

Fámennt er nú á götum Hanoi.

Forðast smit með gistingu í vinnu

urduryrr@frettabladid.is

VÍETNAM Verksmiðjur í Víetnam hafa margar brugðið á það ráð að láta starfsfólk sitt gista á vinnustaðnum til að koma í veg fyrir að starfsfólk smitist af COVID-19.

Í Víetnam eru meðal annars verksmiðjur fyrir Samsung og Apple. Hátt í 200 þúsund manns gista nú á starfsstöðvum sínum. Sums staðar hafa verið settar upp tjaldbúðir.

Búið er að bólusetja fjögur prósent af þeim 98 milljónum sem búa í landinu. ■

Þriðji skammtur í boði vegna Delta

arib@frettabladid.is

ÍSRAEL Heilbrigðisyfirvöld í Ísrael bjóða fullorðnum einstaklingum í áhættuhópi upp á þriðja skammtinn af bóluefni Pfizer við COVID-19.

Ákvörðun Ísraelsmanna kemur í kjölfar mikilla aukninga á smitum af Delta-afbrigðinu.

Þórólfur Guðnason sóttvarnarlæknir hefur ekki útilokað að boðið verði upp á þriðja skammt bóluefnis hér á landi. ■

Vonlítil um framtíð Afganistans

Afgönsk kona á Íslandi telur hernaðaríhlutun Bandaríkjanna aldrei hafa átt að þjóna hagsmunum Afgana og er ekki hissa á brottför þeirra.

thorgrimur@frettabladid.is

AFGANISTAN „Ef þið eruð að spyrja mig persónulega, þá er ég ekki mjög vongóð um framtíð Afganistans,"segir Erna Huld Ibrahimsdóttir, Íslendingur af afgönskum uppruna.

Talíbanar í Afganistan hafa lagt undir sig töluvert landsvæði að undanförnu í kjölfar þess að Bandaríkjamenn og bandalagsþjóðir þeirra hófu að draga herafla sína burt frá landinu. Áætlað er að um níutíu prósent bandarískra hermanna hafi þegar verið fluttir frá landinu en Joe Biden Bandaríkjaforseti hefur sagst vilja binda enda á hernaðaraðgerðir landsins í Afganistan fyrir 31. ágúst.

„Ég held að þetta sé bara pólitísk menning Bandaríkjanna," segir Erna Huld um brottflutning Bandaríkjahers. Hún er fædd og uppalin í Íran en er barn afgangskra foreldra og bjó í Afganistan eftir fall Talíbanastjórnarinnar í kjölfar innrásar Bandaríkjamanna árið 2001. „Ég bjóst ekki við neinu betra af Bandaríkjamönnum því ég tel ekki að þeir hafi borið velferð afgönsku þjóðarinnar fyrir brjósti þegar þeir réðust inn í landið. Aðeins eigin hagsmuni. Þeir sáu að það hagnaðist þeim ekkert að vera þarna lengur og að þeir voru að tapa meira og meira, og þess vegna ákváðu þeir að fara. Miðað við sögu Afganistans var þetta alltaf að fara að gerast. Þeir voru aldrei að fara að stofna til friðar með erlendu hernaðarinngripi."

Erna Huld telur líklegt að Talíbanar muni taka völdin í landinu eftir brottför Bandaríkjahers.

Erna Huld bjó í Afganistan eftir fall Talibanastjórnarinnar, hún er nú búsett á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

> Aðeins afganskt samfélag getur stillt til friðar í landinu og ég sé ekki fyrir mér að það gerist fyrr en eftir eina eða tvær kynslóðir til viðbótar
>
> Erna Huld Ibrahimsdóttir

„Núverandi ríkisstjórn getur ekki haft stjórn á ástandinu. Margir landsmenn hafa aldrei sætt sig við síðustu tvær stjórnir eða talið þær lögmætar. Ríkisstjórn Ashrafs Ghani forseta er samsteypustjórn sem varð til með samningaviðræðum milli Ghani og keppinautar hans, Abdullah Abdullah. En Afganistan er ættbálkasamfélag hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Pastúnum þykir mjög vænt um þjóðerni sitt og það eru átök milli þjóðarbrota, tungumálahópa og trúarbragða. Allt þetta hefur sitt að segja um stöðuna í Afganistan."

Núverandi stjórn Afganistans segir Erna Huld hafa orðið til eftir samningaviðræður þar sem aðallega var tekið mið af óskum Bandaríkjamanna. „Ghani fylgir ekki ættbálkamenningunni í afgönskum stjórnmálum. Forveri hans, Hamid Karzai, kunni mjög vel á hana og þess vegna tókst honum miklu betur að viðhalda stjórn sinni á landinu. Hann kunni að deila völdum á milli þjóðflokka og menningarhópa og halda öllum ánægðum."

Að sögn Ernu Huldar nýtur stjórn Ghani aðallega stuðnings yngri kynslóða sem hafa hlotið betri menntun. Þessir ungu Afganir séu hins vegar líklegri til að yfirgefa landið ef Talíbanar komast til valda en að vera eftir og veita mótspyrnu. „Aðeins afganskt samfélag getur stillt til friðar í landinu og ég sé ekki fyrir mér að það gerist fyrr en eftir eina eða tvær kynslóðir til viðbótar." ■

MARAÞON

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um maraþon kemur út föstudaginn 30. júlí n.k.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

VILTU GÆÐASVEFN Í FRÍINU?

SÉRSNÍÐUM HEILSUDÝNUR Í SUMARHÚS.

Vogue fyrir heimilið framleiðir sérsniðnar heilsudýnur
í öllum stærðum og gerðum fyrir öll sumarhús

**Við erum með lausnina fyrir þig.
Kíktu í heimsókn og við aðstoðum þig
og þína við að hvílast vel í fríinu.**

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Gerum þetta upp

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Vöggustofur þær sem Reykjavíkurborg rak á árunum 1949 til 1973 hafa verið til umræðu undanfarið en fimm menn sem þar dvöldu sem börn hafa lýst slæmum aðbúnaði og krafist rannsóknar á starfseminni.

Borgarstjóri Dagur B. Eggertsson hefur samþykkt kröfu fimmmenningana um að farið verði í saumana á rekstrinum og um leið skoðað hvers vegna alvarlegar athugasemdir sálfræðings um aðbúnað barnanna, hurfu ofan í pólítískar skotgrafir árið 1967.

Jafnvel þó lýsingar eins og „gróðrarstía andlegrar veiklunar“ hafi verið notaðar um heimilin þar sem hvítvoðungar voru vistaðir allt til tveggja ára aldurs var málið þaggað niður og stofurnar reknar í sex ár til viðbótar, í hvert sinn með tugi barna í vist.

Börn þau sem vistuð voru á vöggustofunum voru flest börn ungra, fátækra og veikra mæðra sem ekki var talið að annast gætu börn sín svo vel væri. Sterílt húsnæði fyllt starfsfólki íklæddu hvítum sloppum innanum hvítmálaða veggi og fá húsgögn er eitt og sér augljóslega ekki ákjósanlegt umhverfi fyrir barn í þroskaferli. Í kringum ómálga börnin var fátt sem örvaði skilningarvitin og vörðu þau mestum tíma í rúmum sínum. Börnin fengu sjaldnast að fara út undir beran himinn og ef svo bar undir á góðviðrisdegi voru þau dúðuð og trillað út á svalir í rimlarúmum sínum. Dæmi eru um tveggja ára börn sem voru bæði ótalandi og ófær um að borða fasta fæðu við útskrift af vöggustofunni enda hafði þeim ekki verið kennt það.

Verstur verður þó að teljast skorturinn á atlæti og hlýju á þessum mikla mótunartíma í mannlegum þroska. Starfsfólkið sinnti líkamlegum þörfum barnanna en ekki þeim andlegu. Mæðurnar máttu heimsækja börnin en aðeins horfa á þau í gegnum gler. Engin snerting leyfð. Engin móðurást. Né nokkurs konar ást. Þannig hófst líf þessa fólks, gjörsneytt mannlegum kærleika en þó með þurra bleyju og dauðhreinsað umhverfi enda sýklahræðsla í kringum ungbörnin mikil. Ekki skildu þau veikjast.

Krafa fimmmenninganna er réttmæt og samfélaginu holl. Viðar Eggertsson, einn þessara fimm, dvaldi barna lengst á vöggustofu ásamt tvíburasystur sinni Björk, eða til tveggja og hálfs árs aldurs. Hann segist skulda móður sinni sem sagði sögu þeirra mæðgina, í útvarpsþætti sem Viðar framleiddi árið 1993 og heitir, Eins og dýr í búri, réttlæti, en hún hefði í ár fagnað aldararmæli.

Þó svo að ekki verði nokkurn tíma bætt fyrir þetta mannskemmandi upphaf tilverunnar sem þessi börn hlutu eða þá angist sem mæðurnar og stundum feður máttu þola er þó mikilvægt að gera málið upp. Afleiðingarnar eru skelfilegar og hafa rannsóknir sýnt að áföll í bernsku erfist. Áföllin eru varanlega innprentuð í erfðamengið og berast þannig áfram, kynslóð fram af kynslóð. Eins hafa vísindin sýnt fram á sterk tengsl milli áfalla í æsku og heilsufarsvanda á fullorðinsárum.

Árið 2007 var skipuð nefnd sem fór í saumana á starfsemi vistheimila á vegum hins opinbera og greiddar voru bætur til fjölda einstaklinga sem þar höfðu hlotið bága meðferð. Það skipti hlutaðeigandi máli að á þá væri hlustað.

Það skiptir nefnilega máli að fá viðurkenningu á að á sér hafi verið brotið. Það skiptir máli að erfið mál séu gerð upp og það skiptir máli að fá afsökunarbeiðni.

Það breytir ekki orðnum hlut en það breytir nútíð og það breytir framtíð. ■

> Það skiptir nefnilega máli að fá viðurkenningu á að á sér hafi verið brotið. Það skiptir máli að erfið mál séu gerð upp og það skiptir máli að fá afsökunarbeiðni.

HVAÐ ER PLANIÐ?
Kíktu á blaðsíðu 15.

Halldór



Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

ESB-boltinn

Úrslitaleikur landsliða Ítalíu og Englands er víða hitamál hérna á klakanum. Ágætis eldsmatur í þrasið endalausa um hvort Ísland eigi erindi í ESB og andúð á enska liðinu og stuðningsmönnum þess jafnvel sett í einhvers konar BREXIT-samhengi. Fyrir leik æðraðist til að mynda Gunnlaugur Ingvarsson, formaður Frelsisflokksins, yfir því að Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, vonaðist til þess að England myndi tapa og beindi síðan gremju sinni að forseta Íslands. „... og takið eftir ESB-sinninn forseti Íslands heldur með Ítalíu gegn Englandi!“

Bullur baula

Hallur Hallsson sakaði RÚV um að draga taum Ítala en sá að leik loknum þá björtu hlið að hans maður, Roberto Mancini hafi áður leitt Manchester City til sigurs í ensku úrvalsdeildinni. Össur Skarphéðinsson, yfirlýstur ESB-sinni, lagði orð í belg hjá Halli: „Flott hjá Ítölum. Voru betri,“ með þeim fyrirvara að hann „semsagt studdi England“. Hagfræðingurinn Ólafur Arnarson, sem hefur verið opinn fyrir ESB-aðild, sagði úrslitin einnig sanngjörn með áminningu um að „bullur sem baula á þjóðsöngva mótherja eiga ekki skilið að vinna titla!“.

Adam var ekki lengi í Paradís

Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

> Kaupin á húsnæðinu þóttu kannski fyndin þegar borgarstjóri stærði sig af kaupunum á Twitter. Þau eru það ekki lengur.

Fyrir ári síðan keypti borgin gamalt húsnæði við Kleppsveg. Borgarstjóri sagði þá að hann „...myndi ekki til þess að borgin hafi áður keypt hjálpartækjaverslun. Húsnæði Adams og Evu er nú okkar!“. Tilgangur kaupanna var að breyta húsnæðinu í leikskóla fyrir 120 börn. Húsnæðið var keypt fyrir 652 milljónir. Nú er komið í ljós að kostnaðurinn við að breyta húsnæðinu við Kleppsveg er talinn vera 989 milljónir. Milljarður króna.

Braggamálið var stjórnlaust viðhaldsverkefni. Fossvogsskóli mátti þola vanrækt viðhald, meira en hálfan milljarð í viðgerð sem ekki dugði og þöggun. Af þessum mistökum átti að læra. Því vaknar spurningin: Af hverju var farið í þessi kaup án þess að endanleg kostnaðaráætlun lá fyrir um að gera húsnæðið upp?

Panikk kostar

Svarið er panikk. Á kosningafundi fyrir þremur árum lofaði Samfylkingin leikskólaplássum fyrir 12 mánaða börn. Um þessar mundir eru um sjö hundruð börn á biðlista. Nú er farið í að reyna að efna loforðið þegar innan við ár er til kosninga. Hugmyndir eru um bráðabirgðalausnir; leikskóla í rútum, leikskóla á hringtorgi og svo þessi kaup.

Það var í raun ekkert plan um efndir þegar leikskólaplássum var lofað fyrir síðustu kosningar. Þess í stað er hlaupið í að kaupa húsnæði í niðurníðslu með ærnum tilkostnaði. Nýtt húsnæði hefði ekki aðeins verið miklu ódýrara. Það hefði líka verið betra og heilnæmara.

Kaupin á húsnæðinu þóttu kannski fyndin þegar borgarstjóri stærði sig af kaupunum á Twitter. Þau eru það ekki lengur. Þegar illa er farið með skattfé er minna til annarra verka. Minna fé í annað skólahúsnæði. Minna fé í önnur leikskólapláss.

Á þessu kjörtímabili hefur borgin eytt um efni fram. Á þessu ári eru tekin lán fyrir öllum framkvæmdum. Það er því enn grátlegra þegar þessu lánsfé er sólundað. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Hvað ef kvótakerfið væri í Kringlunni?

Ólafur Arnarson
hagfræðingur

Eins og fram hefur komið fá handhafar veiðiheimilda við Ísland um 75 milljarða í meðgjöf frá skattgreiðendum á hverju ári, þar sem innheimt veiðigjöld nema einungis um 6 prósentum af raunverulegu verðmæti þeirra aflaheimilda sem úthlutað er. Þannig greiða handhafarnir einungis um 15 þúsund krónur fyrir tonnið en geta leigt það frá sér á um 250 þúsund krónur. Þeir greiða innan við 5 milljarða fyrir 80 milljarða verðmæti.

Stærsti kostnaðarliður framleiðslufyrirtækja liggur jafnan í kaupum á hráefni til framleiðslunnar og stærstur hluti kostnaðar við verslun felst í kaupum á vörum til endursölu. Vissulega fellur til annar kostnaður, húsnæðiskostnaður, vélbúnaður, dreifing og fleira, en öflun hráefnisins er langstærsti kostnaðarliðurinn. Næstum öll fyrirtæki þurfa að greiða fullt verð fyrir aðföng til starfsemi sinnar. Ég hygg að flestir verslunareigendur yrðu himinlifandi stæði þeim til boða að borga einungis 6 prósent raunkostnaðar fyrir vörur sem keyptar væru til endursölu.

Ekki er úr vegi að bera fyrirtækjarekstur saman við heimilisrekstur. Á flestum heimilum er húsnæðiskostnaður þyngsti kostnaðarliðurinn. Algengur markaðskostnaður fyrir húsnæði, sem hentar fimm manna fjölskyldu á höfuðborgarsvæðinu, er einhvers staðar á bilinu 2-300 þúsund á mánuði, segjum bara 250 þúsund. Heldur myndi það hressa upp á heimilisbókhaldið að þurfa bara að greiða 6 prósent þeirrar fjárhæðar, eða 15 þúsund. Þetta gera ríflega 2,8 milljónir á ári og fyrir slíka fjárhæð er hægt að gera eitt og annað, til dæmis endurnýja bílinn oftar, skella sér á sólarströnd á Tenerife á sumrin og á skíði í Alpana á veturna auk þess að borga tónlistarnám, annað tómstundastarf og íþróttaiðkun fyrir öll börnin um leið.

Skekkir samkeppnismarkað

En vitanlega er nærtækara að bera saman tekjuskapandi greinar fremur en annars vegar útgerð og hins vegar heimilisrekstur. Í Kringlunni eru margar verslanir í leiguhúsnæði. Ekki er úr vegi að áætla leiguna 10 þúsund krónur á fermetrann. Markaðsverð leigu á 100 fermetra rými er því um ein milljón á mánuði fyrir utan virðisaukaskatt.

Hvað ef stjórnvöld tækju þá ákvörðun að verslanir á 1. hæð Kringlunnar væru sérstaklega þjóðhagslega mikilvægar, og því bæri að tryggja þeim aðgang að verslunarrými sínu á „sanngjörnu“ verði, og notuðu áþekka reikniformúlu og beitt er við útreikning veiðigjalda til að ákvarða leiguna? Í tilfelli Kringlunnar er ríkið hins vegar ekki eigandinn þannig að ríkissjóður yrði að borga leigusölum beint allt umfram 6 prósentin. Þarna yrði til nýr útgjaldaliður ríkissjóðs. Í tilfelli útgerðarinnar og veiðigjalda felst kostnaður ríkisins hins vegar í glötuðum tekjum frá einkafyrirtækjum en ekki útlögðum kostnaði fyrir þau.

Áhrifin yrðu fleiri og margvíslegri. Verslanirnar á 2. hæð Kringlunnar þyrftu áfram að greiða fulla leigu á sama tíma og þær þyrftu að keppa við verslanirnar á 1. hæðinni sem með stuðningi ríkisins gætu boðið starfsfólki betri kjör, varið meira fé í auglýsingar, sett meira fé í innréttingar og jafnvel boðið hagstæðara verð um leið. Það sér hver maður að þetta er ekki eðlilegt eða heilbrigt samkeppnisumhverfi.

> Ríkisstuðningur við einstök fyrirtæki er ávallt á kostnað neytenda og skattgreiðenda.

Ríkisstuðningur við einstök fyrirtæki er ávallt á kostnað neytenda og skattgreiðenda. Líka þegar reynt er að fela hann í ríkisbókhaldi. Fyrirtæki í sjávarútvegi, sem ekki eru handhafar aflaheimilda, eru í sömu stöðu gagnvart kvótahöfum og verslanir á 2. hæð Kringlunnar væru í gagnvart verslunum á 1. hæð í tilbúna dæminu hér að ofan. ■

Jafnrétti til náms

Helga Gísladóttir
forstöðumaður Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingamiðstöðvar

Í lok maí var ég viðstödd útskrift úr framhaldsskóla. Þetta var hátíðleg athöfn og unga fólkið tók stolt við skírteinunum sínum. Í ræðu sinni hvatti skólameistari nýstúdentana til að huga vel að framtíðinni og sagði meðal annars að nú opnuðust þeim ótal dyr og margir möguleikar til áframhaldandi náms sem þau ættu að skoða vel. Þessi orð eiga vissulega vel við þar sem ungu fólki í dag stendur margt til boða eftir stúdentspróf. En það á bara ekki við um alla. Í útskriftarhópnum voru líka nemendur sem voru að útskrifast af starfsbraut og þeir eiga ekki um margt að velja að loknum framhaldsskóla. Möguleika þeirra til áframhaldandi náms er raunar hægt að telja upp á fingrum annarar handar. Í boði er tveggja ára starfstengt diplómanám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, myndlistanám hjá Myndlistaskóla Reykjavíkur og námskeið hjá Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð. Á þessum stöðum er eftirspurn langtum meiri en hægt er að anna. Fyrir utan þetta litla framboð á námi eru margir sem útskrifast líka án atvinnu og ekki mörg atvinnutækifæri í boði. Á þessarri upptalningu er alveg ljóst að það sitja ekki allir nýstúdentar við sama borð og þessi staða samrýmist ekki áherslum nútímans um jöfn tækifæri fyrir alla.

Þessi mismunun er auðvitað ekki í lagi og löngu tímabært að fötluðu fólki standi til boða fjölbreytt námstækifæri líkt og jafnaldrar þeirra hafa. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er skýrt kveðið á um að fatlað fólk

> **Nú er löngu tímabært að taka næsta skref og auka aðgang fatlaðs fólks að fjölbreyttara háskólanámi bæði við Háskóla Íslands og aðra háskóla.**

eigi að hafa aðgang að almennu námi á háskólastigi, starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og ævinámi án mismununar til jafns við aðra. Aðildarríkjunum ber jafnframt að tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar í náminu.

Þegar starfsbrautir voru stofnaðar við framhaldsskóla árið 1996 heyrðust efasemdaraddir um hvort rétt væri að fólk með þroskahömlun og skyldar áskoranir sækti nám í almennum framhaldsskóla. Ég held að í dag efist enginn um þessa ákvörðun. Nú er löngu tímabært að taka næsta skref og auka aðgang fatlaðs fólks að fjölbreyttara háskólanámi bæði við Háskóla Íslands og aðra háskóla.

Haustið 2018 skipaði menntamálaráðherra verkefnishóp um úrbætur í menntun, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla. Verkefnishópnum var ætlað að afla gagna, leggja mat á þörf fyrir úrræði og gera tillögur til ráðherra. Skýrsla með niðurstöðum og tillögum kom út árið 2020. Þar er að finna ágætar tillögur sem þarf að koma í framkvæmd sem fyrst og standa þar með við þær skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur undirgengist. ■

Lengi lifi frjáls hugsun

Guðjón Jensson
eldri borgari og leiðsögumaður

Undanfarið ár hefur verið vaxandi að erlendir aðilar skrifi greinar í íslensk blöð, oft sendiherrar erlendra ríkja sem eru starfandi á Íslandi. Þessar greinar eru mjög mismunandi eins og gefur að skilja, flestar eru þær hógværar en svo koma nokkrar sem eru beinn áróður til að hafa áhrif.

Fyrirmyndaríkið Kína?

Þriðjudaginn 6. júlí s.l. birtist nokkuð löng grein eftir sendiherra Kína á Íslandi í Fréttablaðinu. Greinin fjallar um Kommúnistaflokkinn í Kína og ekkert verið að slá af lofinu um „ágæti“ hans. Margt verður að teljast ansi hæpið og jafnvel skondið í greininni. Verður að telja furðulegt að Fréttablaðið birtir svona grein meðan birting styttri og hófsamra greina frá Íslendingum dregst í margar vikur, jafnvel mánuði og sumar eru aldrei birtar.

Berum aðeins niður í grein sendiherrans:

„Kommúnistaflokkur Kína er flokkur sem hefur hag allrar þjóðarinnar í huga og nýtur hag allrar þjóðarinnar.“

Þetta geta vart verið sannmæli enda er óvíða sem mannréttindi þ.á.m. skoðana- og tjáningafrelsi eru jafn skorin við nögl en í Kína um þessar mundir.

„Kommúnistaflokkur Kína er flokkur sem heldur sig við sannleikann, býr yfir þrautseigju og hefur náð að þróast og haldast lifandi og opinn.“

Eru þetta öfugmæli eða áróður þar sem verið er að berja í brestina að hætti kaupahéðins? Kína er lokað land þar sem samfélagslegar umræður og gagnrýni geta ekki gengið lengra en stjórnendur vilja.

> **Í Kína er ekki lýðræðisfyrirkomulag og því fer sendiherrann beinlínis mjög frjálslega með fullyrðingar um að stjórnin sé að framfylgja vilja þjóðarinnar.**

Margt fleira athugunarvert er í greininni en hér látið staðar numið.

Mannréttindastefna kínverskra ráðamanna

Í Kína hefur dauðarefsingum verið framfylgt af mikilli grimmd og má um það fræðast hjá Amnesty international sem hefur barist lengi gegn dauðarefsingum um allan heim enda úrelt refsing.

Klíkustjórnmál - Lobbyismi

Í Kína hefur verið sem í öðrum löndum viðhöfð klíkustjórnmál þar sem hver reynir á bak við tjöldin að efla völd sín og áhrif gegn því að styðja við sína skoðanabræður. Þetta þekktist vel á sínum tíma í Kommúnistaflokki Ráðstjórnarríkjanna og einnig í Nasistaflokki Hitlers. Og reyndar þekkist þetta í flestum lýðræðislöndum þar sem myndaðar eru „brýr“ milli mismunandi hagsmunahópa til að komast yfir völd. Oft er fjölmiðlum beitt í þessu skyni til að undirbúa betur jarðveginn. Hlutverk fjölmiðla á hins vegar að efla miðlun hlutlausra upplýsinga og þar með heilbrigða og gagnrýna umræðu um þjóðfélagsmál.

Einhæfur áróður

Grein sendiherrans verður að teljast mjög einhæfur áróður þar sem verið er að draga athygli að árangri Kommúnistaflokksins sem verður að teljast góður en þegar á heildina er litið er stjórnarstefnan byggð á kúgun þjóðfélagshópa sem ekki hafa verið samþykkir stjórninni í Peking. Í Kína er ekki lýðræðisfyrirkomulag og því fer sendiherrann beinlínis mjög frjálslega með fullyrðingar um að stjórnin sé að framfylgja vilja þjóðarinnar. Hún hefur aldrei verið spurð kannski í heila öld enda valkosturinn enginn. Einræðið spyr þjóðina aldrei um neitt, það mótar stjórnarfarið og þar með allt samfélagið eftir eigin höfði. ■

Við í Afríku

Magnús Árni Skjöld
stjórnmálafræðingur og skipar 4. sætið á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík norður

Fréttir undanfarinna missera um framferði Samherja í Namibíu hafa vakið hörð viðbrögð í samfélaginu. Af góðri ástæðu. Við Íslendingar höfum sjálfsagt vonað að „okkar menn“ höguðu sér á einhvern hátt betur en óheflaðir bissnissmenn annarra landa. Ameríkanar og Bretar eða þvíumlíkir. En, nei, það er nú sennilega því miður ekki raunin. Hrunið hefði nú svo sem átt að kenna okkur það, en kannski erum við búin að gleyma eða við héldum að menn hefðu lært eitthvað af því.

Það er auðvelt að setja svona hátterni í samhengi við framferði Vesturlandabúa í Afríku undanfarnar aldir. Afstaðan til þeirra sem þar búa og auðlinda þessarar stóru heimsálfu hefur verið botnlaus græðgi og virðingarleysi fyrir lífi, limum, menningu og eignarrétti. Við höfum verið í Afríku mestmegnis til að taka, í krafti vopnavalds og auðæfa. Flestir þekkja hryllingssögur af þrælaverslun fyrri alda og framferði nýlenduherra á borð við Breta, Frakka og Portúgala. Namibía var um tíma þýsk nýlenda. Við munum aðskilnaðarstefnuna í Suður Afríku og ofbeldið og lítilsvirðinguna sem hún birti okkur. Við höfum kannski líka heyrt um framferði Belga í Kongó, þar sem Leopold konungur tók sér það mikla land sem sína prívat nýlendu og talið er að hafi kostað um 11 milljón mannslíf í upphafi 20. aldarinnar.

Sum ykkar sem þetta lesa kunna að hafa verið fædd þegar Bretar voru enn að reyna að hanga á nýlendum sínum í Afríku. T.d. árið 1950, árið sem fyrsta kreditkortið var gefið út og fyrsta líffæragjöfin var framkvæmd, héldu þeir úti fangabúðum í Kenýa, þar sem mörgum þúsundum var haldið og gegndarlausar pyndingar stundaðar. Framferði nýlenduveldisins var allstaðar það sama. Yfirgengilegt og botnlaust ofbeldi sem gerði engan greinarmun á þeim sem urðu fyrir því, en opinber afneitun og feluleikur var ástundaður heima fyrir til að halda andlitinu. Það var ekki of erfitt, því Afríka var þrátt fyrir allt svo langt í burtu og fáir sem sýndu henni einhvern áhuga.

Þegar nýlendustefnan var að líða undir lok á áttunda áratug síðustu aldar var líka tíminn sem Ísland hætti að líta á sig sem þróunarríki og þiggjanda og sem mögulegan gefanda á alþjóðlegum vettvangi. Það var þannig sem Íslendingar hófu afskipti af þessu ríki, Namibíu, og í gegnum þá gátt sem þar opnaðist sem Samherji fór þangað inn.

Ég fékk tækifæri til að sitja í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar á tíunda áratugnum sem fulltrúi jafnaðarmanna og heimsótti Namibíu og verkefnin okkar þar árið 1996, fyrir 25 árum. Þau voru öll á sviði sjávarútvegs og fiskveiða. Það var á því sviði sem við töldum að við hefðum eitthvað fram að færa. Besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi og gott ef ekki eini sjávarútvegur jarðarinnar sem var rekinn með hagnaði. Sannkallað djásn í kórónu kapítalismans, guðspjalls og galdraþulu Vesturlandabúans.

Það var að sumu leyti sérstakt að sjá það með eigin augum hvernig Íslendingarnir runnu áreynslulaust inn í efsta lag namibísks samfélags. Þeir bjuggu í stórum húsum með mikið af innlendu þjónustufólki. Voru toppráðgjafar í ráðuneytunum. Ráku skóla og stýrðu verkefnum. Allt vel meint og sjálfsagt að einhverju leyti til gagns. Allavega vona ég það. En við vorum þarna einhvern veginn nákvæmlega eins og aðrir Vesturlandabúar. Við komum þarna til að kenna, til að breyta. Eins og Svíar. Bretar. Danir. Þjóðverjar. Hollendingar og Belgar, Ástralir og Austurríkismenn. Allar þróunarsamvinnustofnanirnar, frjálsu félagasamtökin, alþjóðastofnanirnar okkar, sem við rekum og fjármögnum og ráðum. Og í kjölfarið koma svo fyrirtækin. Eins og Samherji. Forkólfarnir hitta ráðamenn í gegnum þingmannaheimsóknir og viðskiptasendinefndir. Allt flækt saman í einum vef framfaratrúar kapítalismans.

> **Afstaðan til þeirra sem þar búa og auðlinda þessar stóru heimsálfu hefur verið botnlaus græðgi og virðingarleysi fyrir lífi, limum, menningu og eignarrétti.**

Ég hef haldið áfram að vinna að verkefnum í Afríku. Undanfarin ár hef ég komið að litlu verkefni í Tanzaníu sem gengur út á að valdefla konur í litlu sveitaþorpi og tala við karlmenn um jafnréttismál og samskipti kynjanna. Ég veit að það tekur á að koma á svona staði og reyna að halda sig við einhverskonar lærandi afstöðu. Að hlusta. Að þykjast ekki vita allt betur þegar maður kemur frá landi eins og Íslandi sem hefur verið á toppnum á jafnréttislistanum síðan elstu menn muna. Þegar manni líður eins og geimveru með öll sín forréttindi í pokahorninu. Maður fer út í þorpið í reykjarstybbuna, þar sem fólk eldar á hlóðum inni í moldarkofum. Maður gengur um rauða moldina á fínu gönguskónum sínum og veit að maður getur hoppað upp í bílinn og keyrt heim og farið í sturtu og chillað með kaldan drykk á veröndinni og horft á sólsetrið yfir skóginum og tékkað á Instagram-feedinu. Hashtag africansunset. Ég get svona rétt byrjað að ímynda mér hvernig það er þegar maður kemur inn í svona samfélag með auðæfi sem geta keypt hvað sem er. Hvað sem maður vill. Stjórnmálamenn. Kvóta. Hvaða höll sem er. Algert vald.

Ég veit í rauninni ekkert hvað á að segja um eða gera í framferði þessara ágætu íslensku kapítalista sem hafa verið að „gera það gott“ í namibískum sjávarútvegi undanfarin ár. Ég veit það bara að þetta er þráður í langri arfleifð og samskiptasögu okkar hvítu jarðarbúanna við Afríku. Enn eitt dæmið og frekar dæmigert. Á endanum verður þetta að snúast um breytta afstöðu. Við þurfum að stíga út úr þessari sögu og átta okkur á að við erum öll ein þjóð og það er ekki hægt að haga sér á einn hátt hér og annan hátt þar. Háttalag þitt í Namibíu er háttalag þitt á Íslandi. Það er enginn munur þar á, þó Namibía sé langt í burtu og fáir hafi á henni áhuga. Enginn. ■

ÍSBÚÐ OMNOM

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 13 TIL 22

OMNOM ÍSBÚÐ OG SÚKKULAÐI VERSLUN HÓLMASLÓÐ 4, 101 REYKJAVÍK (GRANDI)

omnom.is omnomchocolate

Okkar ástkæra

Freyja Egilsdóttir M.

sem lést í Danmörku 2. febrúar síðastliðinn verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 16. júlí kl. 14.

Bóthildur E. Hauksdóttir og fjölskylda

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu.

Guðrúnar J. Jósafatsdóttur

Brákarhlíð Borgarnesi

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar.

Jónanna Björnsdóttir
Ari Björnsson
Guðríður Björnsdóttir
Jón Jósafat Björnsson
Níels Guðmundsson
Fanney Kristjánsdóttir
Einar Hermannsson
Dagný Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Árnadóttir

þýðandi,

lést á Landspítala föstudaginn 9. júlí.

Árni Óskarsson
Jóna Dóra Óskarsdóttir
Völundur Óskarsson
Aagot Vigdís Óskarsdóttir
Svanhildur Óskarsdóttir
Hrafnkell Óskarsson
Ferenc Bokany
Sigrún Kristjánsdóttir
Garðar Guðmundsson
Elín Vignisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma

Alda Þórðardóttir

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans 2. júlí s.l. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju 15. júlí kl. 13:00

Jón Viðar Valsteinsson
Arnar Valsteinsson
Kristín Rós Óladóttir
Alda Ólína Arnarsdóttir, María Arnarsdóttir og Auður Arnarsdóttir.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson
Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Jón G. Bjarnason *útfararstjóri* | Guðmundur Baldvinsson *útfararstjóri*
Magnús Sævar Magnússon *útfararstjóri* | Sigurður Bjarni Jónsson *útfararstjóri*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Síungur og gegndrepa

Bjarni Arason söngvari og hótelstjóri fagnar fimmtíu ára afmæli í dag. Þótt hann starfi í ferðaþjónustunni í dag er hann ennþá með annan fótinn í tónlistinni og er með nóg af lögum í skúffunni.

arnartomas@frettablad.is

Sími Bjarna hefur hringt ótt og títt frá keppninni 1987. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR G

„Ég fagna bara hverju árinu sem líður, það eru ekki allir sem ná þessum aldri. Fimm núll, maður," segir látúnsbarkinn Bjarni Arason sem gerist svo frægur að ná fimmtugsaldri í dag. „Maður þroskast alltaf eilítið með hverju árinu."

Bjarni kippir sér ekkert sérstaklega upp við tímamótin en segir þau hafa borið að fyrr en hann grunaði. „Ég man þegar mamma og stjúpfaðir minn héldu upp á fimmtugsafmælin sín. Mér fannst þetta vera eldgamalt fólk," segir Bjarni sem tekur fyrir að honum líði sjálfum sem eldgömlum manni. „Það er samt skrítið með ævina hvað hún er stutt. Manni verður það sífellt ljósara eftir því sem árunum fjölgar. Þegar maður er tvítugur er heillangt í þetta og svo dettur þetta allt í einu inn."

Það virðist ekki vera fastmótuð dagskrá á afmælisdegi Bjarna sem endar hugsanlega á að grilla í rigningunni. „Gegndrepa borgina ég flý," segir hann og vísar til dægurlagsins Þegar sólin sýnir lit sem hann gaf út í vor. „Þetta verður nú líklega bara fámennt og góðmennt með fjölskyldunni."

Fögur rödd Bjarna gerði fyrst vart við sig á landsvísu árið 1987 þegar hann tók þátt í Látúnsbarkakeppni Stuðmanna í beinni útsendingu frá Tívolíinu í Hveragerði. „Síminn hefur nú hringt ótt og títt alla tíð síðan," segir Bjarni sem hefur verið fenginn til að syngja í ýmsum afmælisveislum og útförum í gegnum árin. „Þetta eru oft stór tilefni og ég fagna því bara að fá að taka þátt í þeim."

> Ég man þegar mamma og stjúpfaðir minn héldu upp á fimmtugsafmælin sín. Mér fannst þetta vera eldgamalt fólk.

Bjarni starfar í dag sem hótelstjóri hjá Íslandshótelum þar sem er í nógu að snúast eftir að ferðaþjónustan tók við sér. Hann segist þó eiga nóg af lögum í skúffunni. „Maður er nú alltaf með annan fótinn í tónlistinni – ég er með lög sem á eftir að taka í gegn í hljóðveri og þróa lengra."

Sumarið í heild er ekki betur skipulagt en afmælisdagurinn sjálfur en Bjarni segir líklegt að fjölskyldan hreyfi sig eitthvað. „Ætli við keyrum ekki eitthvað um landið," segir hann. „Við munum líklega elta veðrið bara." ■

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma.

Sigurborg Bragadóttir

lést 9. júlí á Landspítalanum við Hringbraut.
Útförin verður auglýst síðar.

Sigurþór Ellertsson
Sólveig Ragna Sigurþórsdóttir
Sigþrúður Sigurþórsdóttir
Ellert Bragi Sigurþórsson
Páll Þórir Ólafsson
Eva Arna Ragnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Guðmundur Eggert Björnsson

Huddinge Stokkhólmi

lést þann 29. júní sl. eftir stutt veikindi.

Birgitta Granqvist
Anna
Stella og Magnus
Daníel og Ting
Martin og Johanna
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi.

Sigurður Ásgeirsson

Kópavogstúni 5, Kópavogi

Lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 9. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 14. júlí kl. 15.

Svanlaug María Ólafsdóttir
Ólafur Sigurðsson
Jónína Sigurðardóttir
Sigurður Sigurðsson
Kolbrún G. Sigurðardóttir
Sigrún Þorsteinsdóttir
Jón Ágúst Benediktsson
Ásta G. Hjálmtýsdóttir
Sigmar Torfi Ásgrímsson
og fjölskyldur.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnheiður Zóphóníasdóttir

Austurvegi 39, Selfossi

sem lést 29. júní, verður jarðsungin frá Selfosskirkju fimmtudaginn 15. júlí kl. 13:00. Streymt verður frá athöfninni á vef Selfosskirkju, www.selfosskirkja.is

Ingibjörg Stefánsdóttir
Margrét Stefánsdóttir
Jóhann Ingvi Stefánsson
Soffía Stefánsdóttir
Guðjón Haukur Stefánsson
Gylfi Guðmundsson
Elín Kristbjörg Guðbrandsd.
Reynir Guðjónsson
barnabörn og barnabarnabörn

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir afi og langafi

Atli Benediktsson

Brekatúni 2, Akureyri

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð þriðjudaginn 6. júlí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. júlí kl. 13.00

Steinþóra Vilhelmsdóttir
Álfheiður Atladóttir
Kristveig Atladóttir
Þóra Atladóttir
Sigtryggur Sigtryggsson
Heimir Finnsson
Klara Bjartmarz
barnabörn og barnabarnabarn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Elín Sigríður Axelsdóttir

frá Ásláksstöðum í Arnarneshreppi

andaðist á dvalarheimilinu Grund við Hringbraut í Reykjavík 4. júlí. Útför hennar fer fram frá Möðruvallaklausturskirkju í Hörgárdal þriðjudaginn 20. júlí kl. 11.00.

Þórður Ingimarsson
Björn Ingimarsson
Sveinn Ingimarsson
og fjölskyldur þeirra

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 13. júlí 2021

Jurtir með mikið laufskrúð verða skoðaðar í Grasagarðinum í kvöld. MYND/AÐSEND

Frí fræðsla í Grasagarðinum

oddurfreyr@frettabladid.is

Í kvöld verður fræðsluganga í Grasagarði Reykjavíkur þar sem stórvaxnir fjölæringar verða skoðaðir og reynt að svara þeirri spurningu hvort hægt sé að búa til exótískan frumskóg í garðinum heima ef maður kemst ekki í raunverulegan frumskóg.

Í lýsingu göngunnar segir að það séu ekki einungis fögur blóm sem gera garð áhugaverðan, heldur geti laufskrúð í misjöfnum litum, stærð og lögun skapað bæði dýpt og stemningu. Í göngunni ætlar garðyrkjufræðingurinn Svavar Skúli Jónsson að sýna fjölærar og harðgerar plöntur sem henta til að gera gróskumikinn garð hér á landi.

Gangan hefst við aðalinngang Grasagarðsins kl. 20 í kvöld. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

Hádegisgöngur alla föstudaga

Grasagarðurinn stendur einnig fyrir 30 mínútna fræðslugöngum í hádeginu á föstudögum í allt sumar. Viðfangsefnin eru misjöfn, en það fer eftir því hvað er í blóma hverju sinni.

Göngurnar hefjast við aðalinngang garðsins kl. 12 alla föstudaga í sumar og eru svo endurteknar á ensku kl. 12:40. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir. ■

Jóhannes Agnar Kristinsson smitaðist af salsabakteríunni í Danmörku eftir að hafa séð auglýsingu um námskeið á ljósastaur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er bara skemmtilegt fólk sem dansar salsa

Það má með sanni segja að líf Jóhannesar Agnars Kristinssonar snúist að miklu leyti um salsadans. Hann fer fyrir félagsskapnum Salsamafían, kennir reglulega á salsanámskeiðum og leitar uppi staði til að geta dansað þegar hann fer til útlanda. 2

Salsaævintýri Jóhannesar hófst þegar hann sá auglýsingu á ljósastaur um salsanámskeið, þegar hann bjó í Danmörku. Þetta var árið 2004, Jóhannes skellti sér á námskeiðið og smitaðist af salsabakteríunni.

„Þegar ég flutti heim árið 2005 var lítið um að vera í salsadansi á Íslandi. Það var svona aðeins að byrja einhver dansmenning, en vegna skorts á framboði þá leiddist ég óvart út í það að fara að kenna og hef eiginlega verið að kenna samfellt síðan þá," útskýrir Jóhannes sem oftast er kallaður Jói.

„Ef ég ferðast til útlanda þá er það fyrsta sem ég geri að gúgla hvar ég get farið að dansa. Þetta verður að lífsstíl. Eða kannski fíkn," bætir hann við hlæjandi.

Jói hefur ekki látið duga að læra salsa í Danmörku og á Íslandi. Hann hefur líka farið á námskeið í Svíþjóð og Kúbu, en þangað hefur hann farið sex sinnum með hópa frá Íslandi.

Pílagrímsferðir

„Undanfarin ár hef ég boðið upp á skipulagðar ferðir til Kúbu fyrir þá nemendur sem hafa verið að dansa hjá mér salsa. Aðaláherslan er á dansinn en um leið að sjá og upplifa eins mikið af Kúbu og hægt er. Við ferðumst um eyjuna þvera og endilanga og dönsum alls staðar þar sem við stoppum," segir Jói.

Jói segir að Kúbuferðirnar séu eins konar pílagrímsferðir fyrir salsadansara. Tónlistin er þar á hverju strái og dansinn er Kúbverjum í blóð borinn. Hann segir fjölmarga dansskóla að finna á Kúbu og hafa ferðalangarnir möguleika á því að taka eins marga danstíma og þá lystir.

> **Um helgina fórum við í Húsafell og það hafa aldrei mætt eins margir. Við vorum um 80 manns og það var dansað langt fram undir morgun.**
>
> Jóhannes Agnar Kristinsson

„Nemendurnir eru misjafnlega staddir þannig að þetta gefur kost á því að hægt er að sníða dansinn að þörfum hvers og eins. Hóparnir eru misjafnlega stórir en eiga það sameiginlegt hvað það er skemmtilegt fólk sem fer í þessar ferðir. Það er sennilega bara skemmtilegt fólk sem dansar salsa," segir hann.

„Það eftirminnilegasta við ferðirnar er einkum fólkið sem maður kynnist. Kúbverjar eru einstakt fólk, glaðlynt og hlýtt, ekki með ósvipaðan húmor og Íslendingar. Eftir því sem ferðunum fjölgar þeim mun fleira fólki kynnist maður og segja má að maður hafi eignast aðra fjölskyldu á Kúbu. Ég get varla beðið eftir að COVID gangi niður svo að ég geti farið með næsta hóp af salsanemendum til Kúbu."

Snýst um að hafa gaman

Dansheimurinn var ekki alveg nýr fyrir Jóa þegar hann steig sín fyrstu salsaspor úti í Danmörku. Hann æfði samkvæmisdans sem barn og ballett í smástund. Hann hefur líka dansað argentínskan tangó og hefur verið að kenna hann.

„Ég er að kenna salsa og tangó í Listdansskóla Hafnarfjarðar. Salsa er eitthvað sem allir geta lært. Jafnvel þó þeir séu með tvo vinstri fætur. Þetta snýst aðallega um að hafa gaman," segir Jói.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Jói flutti heim frá Danmörku 2005. Þá var ekki mikil salsadansmenning á Íslandi en hann átti sinn þátt í að breyta því.

Það er mikið félagslíf í salsanu. Hér er hópur salsadansara í útilegu.



Dansað af innlifun á Kúbu.

Jói hefur farið reglulega með hópa til Kúbu þar sem alls staðar er dansað.

Salsadans er orðinn lífstíll hjá Jóa sem leitar að stöðum til að dansa á ef hann ferðast til útlanda.

Hann segir fólk ekki þurfa að hafa neinar áhyggjur af því að koma á námskeið þó það hafi aldrei dansað áður.

„Fólk þarf alls ekki að vera hrætt við að koma eitt á námskeið. Eitt það skemmtilegasta við salsað er félagsskapurinn, fólkið kemur alls staðar að með allskonar bakgrunn. Þetta er þess eðlis að fólk þarf ekki að hafa dansfélaga með sér. Kúltúrinn er þannig að maður skiptir um dansfélaga, allir dansa við alla. Þetta er þess vegna gríðarlega góð leið til að kynnast fólki," segir hann.

Góður félagsskapur

Jói stofnaði félagið Salsamafían þar sem fólk hittist og dansar saman og hefur gaman.

„Það er ekki skóli heldur félagsskapur fólks sem vill dansa. Ég er með útidans á mánudögum þar sem við hittumst og dönsum hjá Kjarvalsstöðum. Við dönsum kúbanskt salsa og öllum er frjálst að mæta. Við mætum þangað og dönsum úti þó það sé rok og rigning," segir hann.

„Salsamafían fer líka í útilegur saman þar sem við dönsum og förum í leiki og gerum ýmislegt skemmtilegt saman. Þangað mætir fólk sem hefur dansað hjá mér, komið á námskeið og tekið þátt í viðburðum. Um helgina fórum við í Húsafell og það hafa aldrei mætt eins margir. Við vorum um 80 manns og það var dansað langt fram undir morgun."

Jói mælir algjörlega með að fólk komi og prófi að dansa salsa.

„Þetta gefur lífinu svo mikið gildi. Í grunninn er salsa einfaldur dans sem allir geta lært. En svo verður þetta svolítil fíkn og fólk bætir við sig námskeiðum og langar að komast lengra og læra meira. En það fer algjörlega eftir einstaklingnum og á hvaða forsendum fólk er að dansa. Dansinn á fyrst og fremst að vera skemmtun." ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

28. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 13. júlí 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Embla Valberg
Löggiltur fasteignasali. Skrifstofustjóri.
embla@valholl.is
588 4477



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði.
862 1110

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Rakel Árnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

intellecta.is
RÁÐNINGAR

intellecta

Húsið stendur á fallegum stað í Leirvogstungu í Mosfellsbæ.

Hús með aukaíbúð

Eignamiðlun kynnir virkilega glæsilegt 253.1 fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á stórri lóð í Leirvogstungu i Mosfellsbæ. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförnum tveimur árum. Eignin er í skemmtilegu sérbýlishverfi þar sem mjög stutt er í fallega náttúru.

Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi með þvottaaðstöðu, 3 svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Auk þess er aukaíbúð innaf bílskúr með baðherbergi, eldhúsaðstöðu og herbergi. Einnig er herbergi með baðherbergi í kjallara. Eignin stendur á 1.014 m2 eignarlóð með timburverönd til suðurs og hellulagða verönd fyrir framan hús, fallegum garði og stórri baklóð. Bílaplan er hellulagt og með hitalögn. Bílskúrinn og forstofan voru byggð árið 2007 og því nýrri en restin af húsinu.

Forstofan tengir saman önnur rými hússins. Rýmið er sérlega bjart og flísalagt. Hægt er að ganga upp í aðalhæð, niður í herbergi neðri hæðar, inn í aukaíbúð og inn í bílskúr. Öll rýmin eru lokanleg með hurð.

Forstofuherbergi er með gluggum sem gæti t.d. verið notað sem skrifstofa eða svefnherbergi. Flísar á gólfi. Eldhús með fallegri innréttingu frá Kvik, innbyggðri uppþvottavél og ísskáp. Spanhelluborð og bakaraofn í vinnuhæð. Eldhúsið var endurgert fyrir rúmu ári síðan. Borðstofan er rúmgóð í rými með eldhúsi.

Byggð var nú forstofa við húsið árið 2007.

» Eignin stendur á 1.014 m2 eignarlóð með timburverönd til suðurs og hellulagða verönd fyrir framan hús, fallegum garði og stórri baklóð.

Stofan er rúmgóð og björt með glugga á tvo vegu.

Svefnherbergi með glugga. Hjónaherbergið er rúmgott með möguleika á skrifstofu eða fataaðstöðu. Baðherbergið er nýlega uppgert með flísum á gólfi og hluta veggja. Rúmgóð sturta, vegghengt salerni. Handlaug með fallegri innréttingu og speglaskáp. Góð þvottaaðstaða með innréttingu og efri skápum. ■

Nánari upplýsingar veitir Hreiðar Levý Guðmundsson, löggiltur fasteignasali í s: 661-6021 eða hreidar@eignamidlun.is

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

600-800 fermetra atvinnuhúsnæði óskast

Óskum eftir 600-800 fermetra atvinnuhúsnæði á götuhæð með góðri lofthæð og athafnasvæði í Ártúnsholti og nágrenni.

Krókháls 5F. Atvinnuhúsnæði.

- Mjög gott 497,8 fermetra atvinnuhúsnæði á 2. hæð (götuhæð Krókhálsmegin) í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F.
- Tveir inngangar eru í húsið, bæði frá Járnhálsi og Krókhálsi. Mögulegt að setja innkeyrsluhurð. Hljóðeinangrandi loft í hluta húsnæðisins.
- Lóðin er 19.980 fm að stærð. Afgirt malbikað stórt bílaplan með fjölda bílastæða.
- Gott athafnasvæði fylgir eignarhlutanum.

Verð 129,5 millj.

Rauðalækur 53- 3ja herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Virkilega falleg 3ja herbergja 94,2 fermetra íbúð á 1. hæð með gluggum í þrjár áttir í þessu eftirsótta hverfi í Laugardalnum auk sérgeymslu í kjallara.
- Fallegar uppgerðar innréttingar í eldhúsi. Mjög björt stofa með gluggum til austurs og suðurs. Tvö svefnherbergi.
- Sérmerkt bílastæði fylgir íbúðinni á framlóð hússins. Húsið að utan er nýviðgert og málað auk þess sem öll svalahandrið voru steypt upp á nýtt.
- Lóðin er fullfrágengin með tyrfðum flötum, trjágróðri og afgirt að stórum hluta.

Verð 59,0 millj.

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Naustavör nr. 44-50. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.

- Naustavör 44-50 eru hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðin sem eftir er er 3ja herbergja íbúð 125,5 fermetrar á 1.hæð. Til afhendingar í júlí 2021.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðin sjálf verður afhent án gólfefna, en flísar verða á gólfi á baði og þvottaherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is

Verð íbúðar er 81,5 millj.

Ingólfsstræti.

- Til sölu eða leigu íbúðar - eða skrifstofuhúsnæði á þremur hæðum í miðbænum á 351,0 fermetra afgritri lóð með 8-10 sér bílastæðum.
- Verið er að innrétta eignina upp á nýtt. Skipt verður um allar vatns- og frárennslislagnir sem og raflagnir og töflu. Gólf verða styrkt og endurnýjuð að hluta. Klæðning að innan verður endurnýjuð, bæði veggir og loft. Mögulegur kaupandi eða leigutaki getur haft áhrif á framkvæmdir ef hann kemur fljótt að borðinu.
- Nýtt rafmagnshlið var sett upp á lóðinni fyrir stuttu síðan og hún því lokuð og afgirt fyrir óviðkomandi umferð.

Bergþórugata 3 – 3ja herbergja íbúð.



Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Virkilega falleg 3ja herbergja 84,2 fermetra íbúð með aukinni lofthæð í 6 íbúða fjölbýlishúsi í miðborginni.
- Sér bílastæði á baklóð hússins fylgir íbúðinni. Suðursvalir og fallegt útsýni.
- Arinn í stofu. Bjart eldhús með stórum útsýnisglugga. Tvö rúmgóð herbergi.
- Frábær staðsetning í miðborginni.

Verð 59,0 millj.

Skipholt 29B. 3ja herbergja endaíbúð.



- Virkilega góð 121,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Íbúðin er eina íbúðin á hæðinni í þessum hluta byggingarinnar, þ.e. norður- álmu en tvær íbúðir eru í suðurálmu og er göngubrú þangað yfir.
- Vandaðar innréttingar í eldhúsi. Yfirbyggðar svalir til suðausturs. Tvö svefnherbergi.
- Sameiginlegur líkamsræktarsalur er á efstu hæð auk sameiginlegs þakgarðs með útsýni út á sundin, að Esjunni og yfir borgina.

Verð 73,9 millj.

Laugavegur 86-94. 2ja og 3ja herbergja íbúð.



- 3ja herbergja 93,7 fm. íbúð á 4. hæð. Svalir til suðurs með útsýni yfir miðborgina. Íbúðin er virkilega vönduð og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfhiti er í íbúð og myndavéladyrasími. Verð 68,5 millj.
- 2ja herbergja 70,7 fm. íbúð á 3. hæð. Svalir til norðurs þaðan sem nýtur útsýnis. Þvottaherbergi innan íbúðar. Baðherbergi með marmarasteini á gólfum og veggjum.
- Íbúðir eru sérstaklega hljóðeinangraðar sem og hluti sameignar. Stæði fyrir íbúðir á baklóð og stórt bílastæðahús er undir húsinu.

Verð 52,9 millj.

Skólavörðustígur – til leigu

TIL LEIGU

- 77 fermetra verslunarhúsnæði til leigu með góðum verslunargluggum sem vísa út á Skólavörðustíg. Laust fljótlega
- 105,6 fermetra verslunarrými á tveimur hæðum til leigu neðarlega á Skólavörðustígnum. Laust til afhendingar strax.
- 70,6 fermetra verslunarhúsnæði á götuhæð til leigu í nýlegu húsi við Skólavörðustíg. Húsnæðið er einn stór salur með góðum verslunargluggum út að Skólavörðustígnum.

Laugavegur 51- verslunarhúsnæði

- 99,7 fm. verslunarhúsnæði við Laugaveg 51 auk 103,9 fm. kjallara sem bæði er innangengt í og er líka bæði með innkeyrsludyrum af baklóð og göngudyrum.
- Húsnæðið er með mjög stórum gluggum út að Laugaveginum.
- Sér bílastæði á baklóð hússins fylgir eignarhlutanum.
- Mögulegt væri að skipta húsnæðinu upp í tvo eignarhluta, kjallara og hæð og leigja út í sitthvoru lagi. Þetta er húsnæði sem getur hentað mjög vel undir verslun, veitingahús, skrifstofur o.fl.

OPIÐ HÚS | þriðjudaginn 13. júlí kl. 17.30-18.00

Austurgerði 4

200 Kópavogur (íb. 201)

Falleg 157,8 fm efri sérhæð á Kársnesinu

- Sérinngangur
- Eldhús, hol, stofur með útgengt út á suður svalir,
- 3 svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús,
- Rúmgóður bílskúr.
- Stæði fyrir 2-3 bíla á plani fyrir framan bílskúr

Verð: **72,9 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

OPIÐ HÚS | miðvikudaginn 14. júlí kl. 17.00 - 17.45

Hverfisgata 92

101 Reykjavík

Glæsilegar nýjar 2ja til 4ra herbergja íbúðir í miðborginni

- **Gólfhiti** í öllum íbúðum
- Mikil sameign og **margar íbúðir sérstæðar** og liggja ekki að öðrum íbúðum
- **Snjallíbúðir**
- Fallegur **inngarður**
- **Vandaðar** innréttingar og tæki

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Stuðlasel 13

109 Reykjavík

Glæsilegt 290 fm einbýli á tveimur hæðum innst í botnlanga

- 4 svefnherbergi og 2 baðherb.
- Glæslilegur stór afgirtur garður með verönd, gufubaði, geymsluskúr, heitum og köldum pottum
- Möguleiki á 60 - 70 fm aukaíbúð í kjallara
- Sérlega falleg eign í góðu standi

Verð: **119 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Einarsnes 68

102 Reykjavík

Reisulegt 283,4 fm tveggja íbúða hús með tvöfaldum bílskúr

- Tvær sér 4ra herbergja íbúðir
- Geymslur og þvottahús í kj.
- Falleg útsýni
- Upprunalegt ástand og þörf á endurbótum
- 39 fm bílskúr með gryfju og skriðkjallara

Verð: **99 millj.**

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Háeyri 1 og 2

105 Reykjavík

Tvær skógi vaxnar einbýlishúsalóðir á skjólsælum og friðsælum stað í Mosó

- Byggja má allt að 450 fm einbýli á 2 hæðum með bílskúr á hvorri lóð
- Háeyri 1 er 1197 fm með reislulegum bústað sem nýttur er í dag sem heilsárshús
- Efri lóðin, Háeyri 2 er sérlega stór eða 1769,9 fm
- Einstakt tækifæri til að byggja draumaeinbýlið

Verð: **98 millj.**

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Gistiheimili

840 Laugarvatn

377 fm fasteign með gistirekstarleyfi

- Skiptist í sérbýli / gistiheimili / veitinga- og verslunarhúsn.
- Fjölmargir stækkunarmöguleikar
- Í dag er gisting fyrir 11-12
- Stækkun á veitingastað eða gistingu möguleiki
- Mjög vel með farin eign og stílhrein
- Frábærlega staðsett / vaxandi viðskipti
- Einstakt tækifæri

Verð: **110 millj.**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Hrísateigur 13

105 Reykjavík

Falleg 2ja herbergja íbúð í kjallara

- Íbúðin öll yfirfarin 2018
- Endurnýjað dren og skolp
- Ný eldhúsinnrétting og tæki
- Endurnýjað baðherbergi
- Sameiginlegt þvotthús-þvottavél

Verð: **34,9 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Frostafold 139

112 Reykjavík (íb. 202)

Falleg úsýnisíbúð á 2. hæð að stærð 81,8 fm

- Gengið inn af svölum
- Bjartar stofur með útgengt á suðursvalir
- Baðherbergi rúmgott
- Eign sem hefur verið gengið vel um
- Garðskáli

Verð: **42,9 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Glæsileg 5 herbergja 135 fm íbúð á 2. hæð

Verð: **67,5 millj.**

- 3 svefnherbergi, stofa og TV hol
- 135 fm að stærð, mjög rúmgóð. Frábærar útsýnissvalir
- Stutt í leik- og grunnskóla
- Stæði í bílgeymslu

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Glæsilegt iðnaðarbil eða dótakassi

Verð: **33,5 millj.**

- Innkeyrsluhurð 3x3 m ásamt gönguhurð
- Stærð 65,3 fm, vinnusalur, starfsmanna aðstaða, kaffistofa og snyrting. Hiti í stétt fyrir framan
- Mikil lofthæð og möguleiki á að gera millipall
- Tveir gámar fygja

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

Einbýlishús 81,1 fm við Bráðræðisholtið. Falin perla í Rvk

Verð: **57,9 millj.**

- Húsið var friðað árið 2012 og stendur á eignarlóð
- Forstofa, stofu, sólskála, eldhús, bað, þvottahús, svefnherbergi, rúmgott alrými og fallega innréttað
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

MIKLABORG | Með þér alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BÍLA GALLERÍ

VANTAR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN !
MIKIL OG GÓÐ BÍLASALA !
LÖGGILTUR BIFREIÐASALI !
VERIÐ VELKOMIN !
BÍLAGALLERÍ

Bílagalleri bílasala
Smiðjuvegi 3, 200 Kópavogur
Sími: 554 6700
www.bilagalleri.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

HÚSA - VIÐGERÐIR
NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN
* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
* KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
* GLUGGAR/GLER
* INNRÉTTINGAR OG FL.
ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
30 ÁRA REYNSLA
TILBOÐ - TÍMAVINNA
UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Dáleiðsla og ráðgjöf
Ný markmið, hætta að reykja, sofa betur, minnka streitu. Dáleiðsla getur hjálpað við að bæta vellíðan.

Ingibjörg Bernhöft
BA sálfræði, jákvæð sálfræði, dáleiðslukennari
s. 863-8902 • ibernhoft@gmail.com
www.breytthugsun.is

Dáleiðsla
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/ þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslukennari
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com
www.bernhoft.is

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Osprey Bakpokar

-eitt mesta úrval landsins!

Kestrel 38L Göngubakpoki

33.990 kr.

- Lífstíðarábyrgð
- Stillanlegt bak
- Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur
- Brjóstól á sleða og með neyðarflautu
- Göngustafa festing
- Hámarksöndun í baki
- Flöskuvasar
- Mjaðmabelti þrengist með því að toga beggja vegna
- Vasi á mjaðmabelti
- Vasi í topploki
- Netavasi með lyklahengju undir topploki
- Hægt að opna á hliðinni
- Netapoki
- Tvískipt hólf
- Lykkja fyrir ísöxi
- Svefnpokaólar

Aether 70L Plus ♂ / Ariel 70L Plus ♀
Burðarbakpoki
61.990 kr

Escapist 25L ♂ ♀
Hjólabakpoki
24.990 kr

Talon 22L ♂ / Talon 33L ♂
Fisléttur alhliða bakpoki
26.990 kr / 29.990 kr

Arcane Tote Pack 20L ♀♂
Gerður úr endurunnum efnum
19.990 kr

Tempest 20L ♀ / Tempest 30L ♀
Fisléttur alhliða bakpoki
26.990 kr / 29.990 kr

Transporter dufflar
Verð frá: **23.990 kr**

Hydraulics vatnspokar
Verð frá: **7.590 kr**

Regnplast í ýmsum stærðum
Verð frá: **4.190 kr**

Skipulagspokar
Þrír saman í einum pakka
6.490 kr

Daylite Waist
Mittistaska fyrir nauðsynjar
6.490 kr

Daylite 13L
Alhliða bakpoki
11.990 kr

Seral 7
Mittistaska með vatnspoka
17.990 kr

Stingum af ...

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15

Keypt & Selt

Til sölu

STIGA
Einstök gæði

Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S mótor 625EXI,2,27kW
Tvískiptur hnífur, slær X-smátt
70 ltr.notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél
VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Ukulele á tilboði
Mikið úrval
Verð við allra hæfi

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Skipulagsbreyting

Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í tvöföldun Reykjanesbrautar í núverandi vegstæði. Samhliða er felld niður lega stofnbrautar um Kapelluhraun en í stað hennar kemur tengibraut sem þjónusta á iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni og Hellnahrauni.

Tvöföldunin nær frá núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar við afleggjara til Krýsuvíkur að enda fjögurra akreina brautarinnar á Hrauni vestan Straumsvíkur. Lengd vegkaflans er 5.6 km og er þetta eini kaflinn á Reykjanesbraut, frá Ásbraut í Hafnarfirði að Njarðvík, sem er með eina akgrein í hvora átt.

Gert er ráð fyrir nýjum mislægum vegamótum við Rauðamel og við aðkomuveg að Straumsvík ásamt vegtengingu að skólphreinsistöð austan Straumsvíkur.

Einnig er gert ráð fyrir tveimur undirgöngum undir Reykjanesbraut fyrir gangandi og hjólandi umferð.

Breytingartillagan ásamt umhverfisskýrslu og greinagerð verða til sýnis að Norðurhellu 2, í þjónustuveri að Strandgötu 6 og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7 frá og með **9.6 - 23.8. 2021**. Einnig er hægt að skoða gögnin á **hfj.is/skipulag**.

Vakin er athygli á því að frummatsskýrsla, þar sem lagt er mat á umhvefisáhrif framkvæmdarinnar, er auglýst samhliða.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til **23.08** nk. Skal þeim skilað á netfangið **skipulag@hafnarfjordur.is** eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjörður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Hvernig væri að láta drauminn um heitan pott rætast?
Okkar vinsælustu pottar til á lager!

NORMX
Íslensk framleiðsla í 38 ár!
NormX Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

Fyrirtæki ársins 2021
hagvangur.is
HAGVANGUR

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

KING KOIL

20%

AFSLÁTTUR

SELJUM ELDRI GERÐIR AF KING KOIL RÚMUM MEÐ 20 - 40% AFSLÆTTI

KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Veðurspá Þriðjudagur



Sunnan og suðvestan átt 8-15 m/s í dag, hvassast NV-til og víða skúrir, en hægari vindur og léttskýjað fyrir austan. Heldur kólnandi í veðri vestantil. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir (1990) átti leik gegn Lisseth Acevedo Mendez (1829) á Íslandsmóti kvenna.

35. Dxf6! gxf6 (36...Dxf3 37. Dxf7!). **36. Hg3! 1-0.**

www.skak.is: Allar helstu skákfréttirnar ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 leiftur
5 hvíla
6 tveir eins
8 runna
10 skóli
11 stafur
12 gjaldmiðill
13 einkar
15 stirðbusi
17 bölvaður

LÓÐRÉTT
1 röggsemi
2 handfylli
3 ergja
4 nafngift
7 háttvís
9 dreggjar
12 skordýr
14 gapa
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1flass,5rúm,6kk,8akas-iu,10ma,11err,12myrt,13afar,15klunni,17arans.
LÓÐRÉTT: 1framtak,2lúka,3ama,4skirn,7kurt-eis,9seyrna,12maur,14fla,16nn.

Sudoku

4	2				9			
1	3	8		4	7	2		
	7				1		4	
6	4	1				3		
		2						
8				2	5		1	
7	8			1			9	
			9			8		
9		4	8		2		7	

							3	4
7		6				5	1	
					1			7
	5	9	4					1
			9	3		6		
	2							
				9		7	4	2
		5		6		9		
3			8		7			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



STERKARA TEIKNIFORRIT

Hvað er planið?

Hannaðu þinn eigin garð
á **www.steypustodin.is**
Sími: 4 400 400

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

Myndlistin nýtur sín á sunnanverðum Vestfjörðum. MYND/AÐSEND

Staðir á Vestfjörðum

kolbrunb@frettabladid.is

Myndlistarverkefnið Staðir fer fram í fjórða sinn á sunnanverðum Vestfjörðum í sumar með nýjum verkum eftir fjóra myndlistarmenn.

Listamennirnir sem taka þátt í sýningunni ár eru Anna Júlía Friðbjörnsdóttir, Auður Lóa Guðnadóttir, Eygló Harðardóttir og Starkaður Sigurðarson sem sýna ný verk víðsvegar um Arnarfjörðinn.

Staðir 2021 er í höndum sýningarstjórana Becky Forsythe, Evu Ísleifs og Þorgerðar Ólafsdóttur. Sýningarnar munu standa til loka ágúst.

Verkefnið miðar að því að skapa tíma og rými fyrir listamenn til að vinna að nýjum verkum, ýmist varanlegum eða tímabundnum, í návígi við náttúruna eða sögulega og einstaka staði. ■

> Verkefnið miðar að því að skapa tíma og rými fyrir listamenn til að vinna að nýjum verkum,

Hjörleifur og Jónas Þórir í Skálholtsdómkirkju

kolbrunb@frettabladid.is

Föstudagskvöldið 16. júlí kl. 20.00 verða í Skálholtsdómkirkjutónleikar þeirra Hjörleifs Valssonar fiðluleikara og Jónasar Þóris orgelleikara.

Tónleikarnir bera yfirskriftina Heyr himna smiður sem vísar til þess fallega helgidóms sem Skálholtsdómkirkja er og einnig til Þorkels Sigurbjörnssonar tónskálds, en sálmurinn var frumfluttur í Skálholti fyrir 50 árum.

Dagskrá tónleikanna verður ferðalag í tónum, 400 ára ferðalag frá Heinrich Iganz Franz von Biber (1644) til Jónasar Þóris (1956), en fluttur verður nýr sálmur eftir Jónas, Þung er mín sorg og þraut.

Hjörleifur Valsson spilar á tónleikum.

Á meðal annarra tónskálda eru J.S. Bach, Þorkell Sigurbjörnsson, Duke Ellington, Ennio Morricone, John Williams og Vangelis, auk tónlistar sem sótt er í þjóðlega geymd. ■

Björk og Þóra halda áhugaverða tónleika í Norræna húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Frumflutningur á þremur verkum í Norræna húsinu

Dúplum dúó heldur tónleika 15. júlí í Norræna húsinu. Í Dúplum dúó eru Björk Níelsdóttir söngkona og Þóra Margrét Sveinsdóttir víóluleikari.

kolbrunb@frettabladid.is

Tónleikarnir í Norræna húsinu á fimmtudagskvöldið hefjast klukkan 21:00 og þar verða frumflutt þrjú verk. Eittt þeirra er nýr ljóðaflokkur eftir tónskáldið Fjólu Evans en textinn er úr bókinni Íslenzk ferðaflóra eftir Áskel Löve. Verkið er innblásið af söngljóðum Schuberts og ást hans til náttúrunnar.

„Fjóla er íslensk en hefur lengi búið í Kanada. Hún samdi verkið fyrir okkur, valdi texta úr ferðaflórunni og togar hann og teygir, þannig að maður getur vel ímyndað sér að þetta séu lýsingar á fólki en ekki jurtum," segir Þóra.

Verk við ljóð Ingunnar

Annað verk sem frumflutt verður á tónleikunum er eftir Hróðmar I. Sigurbjörnsson, en það byggir á nokkrum ljóðum úr ljóðabók Ingunnar Snædal, Guðlausir menn, hugleiðingar um jökulvatn og ást.

„Hróðmar kom á tónleika hjá okkur í Gent og þá töluðum við um að vinna saman. Hann var búinn að lesa ljóðabók Ingunnar í bak og fyrir og langaði að semja verk við ljóðin. Þessi ljóð eru mjög skemmtileg og hitta mann í hjartastað. Það er ótrúlega skemmtilegt að syngja þau, þau eru líka svo fyndin," segir Björk.

„Fjóla er af okkar kynslóð og Hróðmar aðeins eldri. Það er gaman að sjá hvernig þau unnu með þessa efniviði með okkur tvær í huga," segir Þóra.

COVID-stemning

Þriðja verkið sem frumflutt verður á tónleikunum í Norræna húsinu er Flowers of Evil eftir hollenska tónskáldið Aart Strootman, samið við ljóð Baudelaires. Í fyrrasumar fengu Björk og Þóra styrk frá Amsterdamborg og gerðu tónlistarmyndband við verkið sem tekið var upp í tómum tónleikasölum og söfnum í Amsterdam. Verkið var frumflutt í júní 2020 á netinu og smáskífa með flutningi Bjarkar og Þóru á verkinu kom út fyrir síðustu jól. Verkið hefur ekki verið flutt fyrir áheyrendur í sal fyrr en nú í Norræna húsinu.

„Strootman samdi verkið í miðjum COVID faraldri í fyrra og það var unnið í samvinnu. Hann sendi okkar litlar skissur sem við tókum upp og sendum til baka til hans og hann endurvann upptökurnar og fékk þannig innblástur að nýjum hugmyndum. Þannig þróaðist verkið á tveimur mánuðum. Þetta er korterslangt verk og lýsir vel stemningunni sem var í gangi á þessum tíma; vonleysi og óþægindum. Um leið er verkið óskaplega fallegt," segir Þóra.

Dúplum dúó notast einungis við söngrödd og víólu í flutningi sínum. „Þessi samsetning er óvenjuleg og krefjandi fyrir okkur báðar," segir Þóra. „Björk bætir við: „Við erum eins og á stultum, getum ekki hallað okkur upp að neinum, heldur verðum að halda jafnvægi saman allan tímann." ■

> Við erum eins og á stultum, getum ekki hallað okkur upp að neinum.

Myndlistarsjóður

Opið er fyrir umsóknir í myndlistarsjóð

Veittir verða styrkir allt að 3.000.000 kr.

- Undirbúningsstyrkir
- Styrkir til sýningaverkefna
- Útgáfu-, rannsóknastyrkir og aðrir styrkir

Umsóknafrestur er til kl. 16:00 þann 23. ágúst 2021

Upplýsingar um myndlistarsjóð, umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og leiðbeiningar má finna á vefsíðu myndlistarsjóðs, myndlistarsjodur.is

Úthlutað verður í september-mánuði. Um er að ræða seinni úthlutun úr sjóðnum árið 2021.

Listupplifun í náttúru Krýsuvíkur

kolbrunb@frettabladid.is

Konan mín er yfirskrift sýningar á verkum Sveins Björnssonar í Sveinshúsi í Krýsuvík. Sýningin er opin á sunnudögum í júlí, ágúst og september, frá klukkan 13.00 til 17.30. Sýningarstjóri er Erlendur Sveinsson.

Þetta er tíunda sýningin sem Sveinssafn efnir til í Sveinshúsi og sýningarveggirnir eru þaktir myndum frá gólfi til lofts. Á sýningunni eru 70 myndir og 115 smámyndir.

Sýningin er þrískipt: Konan mín og almættið – Konan mín á lögregluvakt – Konan mín umhverfis mig. Sýningin felur í sér að list Sveins eigi djúpar rætur í persónulegu líf hans þar sem eiginkonan. Sólveig Erlendsdóttir, er miðpunktur og hann upphefur hana sem listagyðju.

Bræðurnir Erlendur, Sveinn Magnús og Þórður Heimir Sveinssynir stofnuðu Sveinssafn utan um arfleifð föður þeirra árið 1998. Þeir segjast vænta þess að sýningin laði til sín ferðamenn sem koma á Krýsuvíkursvæðið til að njóta náttúrunnar. Janframt vona þeir að sýningin höfði til þeirra sem áður hafa lítið eða ekkert vitað um listamanninn.

Nú er semsagt upplagt tækifæri til að sameina listupplifun og upplifun af náttúru Krýsuvíkur og leggja leið sína í Sveinshús. ■

Hvít nótt, olíumálverk á striga er eitt af fjölmörgum verkum sem sjá má í Sveinshúsi. MYND/AÐSEND

Parket á mynd: Gyant Dark Brown

ALLIR VINNA

Opið virka daga frá 08:00-18:00

ÁLFABORG
- allt a gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

2020
Framúrskarandi fyrirtæki



Húsgögn og smávörur í garðinn og sumarbústaðinn – mikið úrval og gott verð!

ASHFIELD línuan frá Brafab er með álgrind og úr sérlega endingargóðu fléttuefni. Fyrsta flokks svampur í sessum og bakpullum og endingargott Olefin áklæði.

ASHFIELD
3ja sæta sófi
Stærð: 186 x 82 x 93 cm
112.590 kr. ~~149.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

ASHFIELD
Stillanlegur hægindastóll
Stærð: 74 x 74 x 102 cm
54.990 kr. ~~72.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

ASHFIELD
Sófaborð með reyklituðu gleri
Stærð: 80 x 80 x 69 cm
37.590 kr. ~~49.990 kr.~~

Fallegur borðbúnaður – tilvalinn í útileguna eða út á pallinn!

15% AFSLÁTTUR

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Þriðjudagur

Hringbraut

18.00 Lengjudeildarmörkin Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu
18.30 Þórsmörk - friðland í 100 ár - seinni hluti (e) 2ja þátta röð um sögu friðunar Þórsmerkur og gömlu afréttanna sunnan Krossár.
19.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 Eldhugar (e) Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
20.00 Besti maturinn (e) Sígildur þáttur frá fyrri árum Hringbrautar þar sem Vala Matt fékk til sín þjóðþekkta einstaklinga sem kepptu um að gera besta matinn.
20.30 Þórsmörk - friðland í 100 ár - seinni hluti (e) 2ja þátta röð um sögu friðunar Þórsmerkur og gömlu afréttanna sunnan Krossár.

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Sumarlandabrot
11.15 Pricebræður bjóða til veislu
11.55 Með sálina að veði - París
12.55 Heimsleikar Special Olympics Með okkar augum
13.30 Steinsteypuöldin
14.00 Tobias og sætabrauðið - Tyrkland
14.30 Gleðin í garðinum
15.00 Rick Stein og franska eldhúsið
16.00 Átta raddir Þóra Einarsdóttir
16.45 Andri á flandri - Í Vesturheimi Gimli
17.20 Á götunni Karl Johan
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Handboltaáskorunin
18.13 Bitið, brennt og stungið
18.29 Hönnunarstirnin III
18.46 Bílskúrsbras
18.50 Sumarlandabrot 2020
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Sumarlandabrot
19.45 Ólympíukvöld ÓL 1952-1976 RÚV rifjar upp sögu Ólympíuleikanna, allt frá upphafinu til 2016.
20.25 Soð í Dýrafirði Kaldbakur
20.45 Innlit til arkitekta - Jonas Lindvall Hemma hos arkitekten II
21.15 Aron Can - Flýg upp x Varlega
21.30 Dagbók smákrimma Måste Gitt
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Skylduverk Line of Duty
23.20 Þýskaland '86 Deutschland '86
00.05 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

10.00 LPGA Tour Útsending frá Marathon Classic.
13.00 LPGA Tour Frá Marathon Classic.
16.00 LPGA Tour Frá Marathon Classic.
19.00 LPGA Tour Frá Marathon Classic.
22.00 Jóhanna á opna breska
22.45 The Amateur Championship Highlights
23.30 Champions Tour Highlights

Sjónvarp Símans

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Vinátta
20.40 The Moodys
21.10 Younger
21.40 Bull
22.30 Love Island
23.20 The Royals
00.05 The Late Late Show
00.50 Ray Donovan
01.40 Love Island
02.35 Normal People
03.05 Station 19
03.50 Love Island
04.40 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér Svanhildur Óskarsdóttir
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.03 Það sem skiptir máli Örlög
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið Fyrri og seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Krakkakastið Draumaskóli Fríðu og Sveppa
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar Tónlistarhátíð Þýska útvarpsins í Ettersburghöllinni
20.30 Segðu mér Svanhildur Óskarsdóttir
21.10 Íslendingasögur Sigrún Óskarsdóttir
21.40 Kvöldsagan. Sögukaflar af sjálfum mér (11 af 23)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

12.00 A Dog's Way Home Það erfiðasta sem tíkin Bella gerir er að bíða eftir að besti vinur hennar og eigandi, Lucas, komi heim.
13.30 Thunder Road
15.00 2 Years of Love
16.25 A Dog's Way Home
18.00 Thunder Road
19.30 2 Years of Love
21.00 Neighbors
22.35 Men in Black. International
00.25 Life Itself
02.20 Neighbors

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The Good Doctor
10.05 Logi í beinni
10.55 Your Home Made Perfect
11.50 NCIS
12.35 Nágrannar
13.00 The Good Doctor
13.40 Ísskápastríð
14.15 Lýðveldið
14.35 The Fast Fix. Diabetes Athyglisverðir heimildarþættir þar sem fólk með sykursýki 2 reynir að snúa við blaðinu og ná tökum á sjúkdómnum.
15.20 Feðgar á ferð Þriðja þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og taka hús á skemmtilegu fólki
15.45 Veronica Mars
16.25 The Masked Singer
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.50 Einkalífið Þættir í umsjón Stefáns Árna Pálssonar en í þeim er rætt við Íslendinga sem eru að skara fram úr á sínu sviði.
19.30 Saved by the Bell
20.00 Shrill
20.30 Manifest Farþegarnir halda áfram að reyna að komast að því hvað kom fyrir þau í flugi 828. Hvert fór flugvélin í þessi 5 ár? Af hverju heyra þau og sjá hluti sem erfitt er að útskýra? Og af hverju er þessi tenging á milli þeirra?
21.15 Patrekur Jamie. Æði
21.40 The Girlfriend Experience
22.05 The Wire
23.05 Coroner
23.50 LA's Finest
00.35 Blinded
01.20 The Mentalist
02.00 The Good Doctor
02.40 Your Home Made Perfect
03.40 NCIS

Stöð 2 Sport

08.25 Pepsi Max Stúkan
09.05 KR - Keflavík Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
10.45 Valur - Fjölnir Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
12.10 Dominos Körfuboltakvöld kvenna
12.50 Aftureldingar - Stjarnan Útsending frá leik í Olís deild karla.
14.10 Þór Ak. - Grótta
15.25 Fram - Selfoss
16.45 Valur - Stjarnan
18.00 KR - Keflavík
19.45 Valur - Dinamo Zagreb Bein útsending frá leik í forkeppni Meistaradeildarinnar.
21.50 FH - Haukar Útsending frá leik í Olís deild karla.
23.15 Seinni bylgjan - karla Markaþáttur Olís deildar karla.

Stöð 2 Sport 2

08.20 Belgía - Rússland
10.00 England - Króatía
11.35 Austurríki - Norður Makedónía
13.20 Ipswich - Sunderland
15.00 Reading - Bournemouth
16.40 Ítalía - Spánn
18.20 Arsenal - Benfica
20.05 Milwaukee Bucks - Phoenix Suns
21.55 Liverpool - Atalanta
23.30 Krasnodar - Chelsea

ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING

Ljósavinir hafa snert líf mitt án þess að vita það. Komdu í hópinn!

Í Ljósið leita hundruðir einstaklinga í endurhæfingu í hverjum mánuði en einnig fá þar aðstandendur stuðning og fræðslu. Greiningum á krabbameini fjölgar en á sama tíma verða lífslíkur betri. Því er aukin þörf á faglegri endurhæfingu fyrir líkama og sál.

Við þurfum fleiri ljósavini. Vertu mánaðarlegur styrktaraðili á **www.ljosid.is**

Ljósið

Ómótstæðilega svartur íslenskur bíóhúmor

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is

Björk og Sigur Rós drógu Englendinginn Rob Watts að Íslandi og íslenskum kvikmyndum sem heilluðu hann svo að hann fór af stað með hlaðvarpið Kvikmyndapod: An Icelandic Cinema Podcast þar sem rýnt er í íslenskt bíó með glöggum gests augum.

„Þetta er glænýtt hlaðvarp sem fjallar um kvikmyndir frá Íslandi. Þið vitið, þessu norræna eylandi. Landi íss og elds, frægu fyrir sinn kæsta hákarl, fáránlega hæfileikaríkt tónlistarfólk eins og Björk og þessi hvimleiðu eldfjöll sem eru alltaf að gjósa."

Rob Watts, kvikmyndaáhugamaður frá Bristol á Englandi kynnir hlaðvarið sitt, Kvikmyndapod: An Icelandic Cinema Podcast, með þessum orðum í fyrsta þættinum.

„Ég elska íslenskar bíómyndir og mér finnst frábært hvernig þær varpa stundum ljósi á ákveðna íslenska menningarkima um leið og stórkostlegt útlit þeirra gerir þær einhvern veginn öllum aðgengilegar ásamt því hvernig þær takast á við algild viðfangsefni eða falla inn í vinsælar kvikmyndagreinar," segir Rob í samtali við Fréttablaðið.

„Hlaðvarpið fjallar um íslenskar kvikmyndir á 21. öldinni og það blasir nú þegar við hversu háþróuð og fáguð kvikmyndagerðin hefur orðið á ekki meira en tuttugu árum. Að ég tali ekki um svarta húmorinn! Ég fæ ekki nóg af þessu!"

Rob bætir við að hann sé auðmjúkur yfir þeim góðu viðtökum sem hlaðvarpið hefur fengið og þá sérstaklega á Íslandi og meðal kvikmyndagerðarfólks. „Við erum með slatta af frábærum fylgjendum á Instagram! Er Instagram miklu stærra en Twitter á Íslandi?"

Ágætis byrjun

Brennandi áhugi Robs á Íslandi og íslenskum kvikmyndum er slíkur að ætla má að hann hafi sterkar tengingar við landið eða eigi jafnvel rætur hingað að rekja?

„Þegar ég tékka mig inn í flug til Íslands er ég oft ávarpaður á íslensku. Þannig að ég geri ráð fyrir að miðað við útlitið passi ég vel inn. En ég á í raun enga ættingja frá þessum löndum og ég get ekki einu sinni látið mér vaxa almennilegt skegg heldur," segir Rob og hlær.

„Ég held að áhugi minn á Íslandi hafi fyrst kviknað með tónlistinni. Ég elskaði Björk og Sigur Rós á unglingsárunum og geri enn. Og þá sérstaklega Sigur Rósarmyndina Heima sem leiddi mér fyrir sjónir hversu furðulegt, áhrifaríkt og fjölbreytt landslagið og bæirnir eru á Íslandi. Sérstaklega samanborið við England. Þannig að tenging mín við Ísland er í raun bara komin til af áhuga mínum á tónlistinni og ferðalögum mínum til landsins."

Sigur Rós og Björk urðu þannig til þess að Rob sótti Ísland fyrst heim ásamt þáverandi kærustu sinni skömmu fyrir jólin 2010. „Við fórum Gullna hringinn og drukkum okkur í gegnum 101, hlustuðum mikið á sólóplötu Jónsa, átum pylsur á Bæjarins Beztu og slökuðum á í Bláa lóninu. Þetta voru ótrúlegir dagar og mig langaði endalaust að koma aftur," segir Rob sem hefur síðan þá látið af því verða fjórum sinnum og þá ekki síst með það fyrir augum að ferðast meira um landið, kynnast fólkinu betur og drekka í sig menninguna. Og þar á meðal vitaskuld bíómenninguna en hann nefnir sérstaklega tvær ánægjulegar heimsóknir í Bíó Paradís.

Hryllingsrætur

Þegar talið berst að kvikmyndaáhuga Robs nefnir hann David Lynch sem sinn eftirlætis leikstjóra en segist einnig sækja mikið í hryllingsmyndir. „Ég hef notið þess að velta mér upp úr þessari kvikmyndagrein og hef látið eftir mér að tala um fjölmargar hryllingsmyndir í hlaðvarpinu The Evolution of Horror." Innkoma hans í það podcast varð síðan til þess að hann langaði að fara af stað með sitt eigið hlaðvarp.

En þá þurfti hann að velja viðfangsefni og endaði þar sem hann er. „Þar sem enginn annar virðist hafa gert hlaðvarp um íslenskar kvikmyndir á ensku!" segir Rob um ferðalag sitt um íslenskt kvikmyndalandslag sem hófst úti í Mýri.

Mýrin í Birmingham

„Þegar ég sá Mýrina í kvikmyndahúsi í Birmingham fannst mér að ég ætti kannski að tékka á fleiri myndum sem ég og gerði og hingað erum við komin. Við Ellie erum mjög góðir vinir og fórum reglulega saman í bíó áður en faraldurinn skall á," segir Rob um félaga sinn í Kvikmyndapodinu.

„Þegar við fórum að pæla í að byrja með kvikmyndahlaðvarp vissi ég að hún myndi koma með áhugaverð sjónarmið og ómengaðar skoðanir vegna þess að hún veit nánast ekki neitt um Ísland, sérstaklega ekki kvikmyndagerðina.

Ellie segir að sem algerum byrjanda í íslenskum kvikmyndum sé henni búið að finnast frábært að fara í könnunarleiðangurinn sem þetta hefur verið og henni finnist þær myndir sem ég hef valið til umfjöllunar vera hugvekjandi með heillandi myrkum og oft á tíðum óvæntum augnablikum."

Rob bætir við að eftir þessa sex þætti sem komnir eru sé Lof mér að falla uppáhalds mynd Ellie en hann sé hrifnastur af Undir trénu. „En satt best að segja áttum við bæði erfitt með að velja úr.

Allir leikstjórarnir sem við höfum fjallað um, Baldvin Z, Baltasar Kormákur, Rúnar Rúnarsson, Hafsteinn Gunnar Sigurðsson og Grímur Hákonarson eru afburðasnjallir á ólíkan hátt. Ég er síðan sérlega spenntur fyrir því að taka fyrir einhverjar mynda Benedikts Erlingssonar og nýjar myndir og leikstjóra sem ég hef ekki enn kynnt mér," segir Rob sem stefnir til dæmis á að sjá Andið eðlilega, eftir Ísold Uggadóttur, við fyrsta tækifæri.

Kunnugleg andlit

Rob bendir á að hann hafi ekki aðeins viljað deila íslenskum bíómyndum með hlustendum sínum heldur miðla einnig áhugaverðum staðreyndum og skemmtilegum fróðleiksmolum. Sérstaklega til þeirra sem eru ekki íslenskir og ólíklegir til að hafa séð margar íslenskar myndir.

„Ellie er í raun atvinnumanneskja í þessu hjá History Extra-hlaðvarpinu og það var fullkomið að fá hana með og hafa félaga sem getur spurt spurninga sem ég reyni að svara með útskýringum. Ekki það að ég sé sérfræðingur á nokkurn hátt, ég er í raun bara að læra jafnóðum."

Í þáttunum er ekki annað á Rob að heyra en hann sé mikill aðdáandi Ingvars E. Sigurðssonar.

„Jú, það er rétt til getið að ég er mikill aðdáandi Ingvars Sigurðssonar og hef verið allar götur síðan ég sá hann fyrst í Mýrinni. Hann var svo góður „detective" Erlendur! Það er alltaf gaman að sjá hvers konar persónur hann leikur. Hann er svo mikið kamelljón. Persóna hans í Ófærð var svo ólík Erlendi að það var erfitt að trúa því að þetta væri sami gaurinn!"

Rob segir þau Ellie sammála um að allar aðalleikkonurnar í Lof mér að falla hafi verið frábærar. „Þannig að við erum klárlega aðdáendur Elínar Sifjar Halldórsdóttur, Eyrúnar Bjarkar Jakobsdóttur, Láru Jóhönnu Jónsdóttur og Kristínar Þóru Haraldsdóttur," segir hann og bætir við að honum finnist virkilega notalegt og traustvekjandi að sjá sömu kunnuglegu og traustvekjandi andlitin í mismunandi myndum. „Ég elska þetta við stærð íslenska bíó- og sjónvarpsbransans."

Baltasars þáttur Kormáks

Rob segir einnig gaman að fylgjast með hinum mikla vexti íslenskrar kvikmyndagerðar. „Sem skrifast mikið til á ykkar mann, Baltasar! Höfundaverk hans eru svo fjölbreytileg og það hefur líka verið spennandi að sjá hann gera Hollywood-myndir.

Ég sá Ófærð á BBC iPlayer hérna í Bretlandi og Kötlu um leið og þættirnir duttu inn á Netflix."

Rob hafði virkilega gaman að Kötlu-þáttunum. „Þetta minnir dálítið á frönsku þættina Les Revenants, sem eru í algeru uppáhaldi hjá mér, en með ofboðslega ákveðna tengingu við íslenskt landslag og goðsagnir. Útlit þáttanna er stórkostlegt og ég naut þess virkilega að sjá sögunni vinda fram í jafn epísku umhverfi. Það var frábært."

Rob lætur fljóta með að þar sem hann hefur komið til Víkur hafi hann verið sérstaklega spenntur að sjá kirkjuna og aðra staði sem hann þekkti. „Það var líka meiriháttar að sjá ný andlit birtast og skila frábærum leik. Og líka að sjá kunnuglega leikara gera eitthvað öðruvísi. Þá er ég sérstaklega með Þorstein Bachmann í huga en persóna hans er svo langt frá þeim sem hann hefur leikið í þeim myndum sem við höfum fjallað um. Ég elskaði Kötlu og get ekki beðið eftir því að fá meira eftir þennan opna og spennandi endi." ■

Hlaðvarpsþættirnir sex

Rob og Ellie eru búin að taka eftirtaldar sex kvikmyndir fyrir í fyrstu seríu Kvikmyndapod: An Icelandic Cinema Podcast sem lauk með umfjöllun um Undir trénu í lok júní. Hann gerir síðan ráð fyrir og vonast til að þau muni taka upp þráðinn síðar á þessu ári með annarri þáttaröð. Enda af nógu að taka.

- Undir trénu (2017)
- Bergmál (2019)
- Mýrin (2006)
- Lof mér að falla (2018)
- 101 Reykjavík (2000)
- Hrútar (2015)

Ellie er atvinnumanneskja í hlaðvarpi sem hefur þann kost að vita nánast ekkert um Íslands og íslenskar kvikmyndir og sér þannig Rob fyrir nóg af spurningum.

MYND/AÐSEND

„Ég fæ alltaf ofboðslega mikið út úr Íslandsheimsóknum mínum. Allt frá popptónleikum til jólatónleika, og afslöppunar með bjór eða kílómetra löngum göngum upp að fossi," segir Rob Watts, sérlegur áhugamaður um íslenska kvikmyndagerð.

MYND/AÐSEND

> Ég er mikill aðdáandi Ingvars Sigurðssonar og hef verið allar götur síðan ég sá hann fyrst í Mýrinni. Hann var svo góður „detective" Erlendur!

Nánar á frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ SPAÐANS!

16” Pizza af matseðli 1.600

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna

SPAÐINN

Fjarðargata 11 Dalvegur 32b

STILLANLEG RÚM | HEILSURÚM OG -DÝNUR | GAFLAR | SÆNGUR | KODDAR | SVEFNSÓFAR | STÓLAR | SÆNGURFÖT, O.FL.

ÚTSALAN ER Í GANGI!



SUMAR-ÚTSALA
BETRA BAKS
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Álfgrímur, eða Elfgrime, telur að fullorðna fólkið hafi flykkst í auknum mæli á Tik Tok í faraldrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tik Tok-stjarnan Álfgrímur sýnir sjálf sitt í nýrri fatalínu

Milljónir hafa horft á myndbönd Álfgríms Aðalsteinssonar á Tik Tok þar sem hann getur, einn fárra Íslendinga, með réttu kallast stjarna. Hann er byrjaður að selja varning tengdan notandanafninu Elfgrime í tilefni þess að hann er kominn yfir 10.000 fylgjenda múrinn.

kristlin@frettabladid.is

„Ég hét því fyrir stuttu að þegar ég myndi rjúfa tíu þúsund fylgjendamúrinn myndi ég gefa út Elfgrime-varning," segir Tik Tok-stjarnan Álfgrímur Aðalsteinsson sem nýtur gríðarlegra vinsælda á samskiptamiðlinum sem Elfgrime.

Álfgrímur stóð við stóru orðin og dró fatalínu merkta sjálfum sér fram í dagsljósið á laugardaginn. „Fylgjendurnir voru að kalla eftir þessu og mig langaði líka að gera eitthvað meira en að vera með ókeypis sjónvarpsstöð," segir Álfgrímur sem haslaði sér völl á Tik Tok að höfðu samráði við fylgjendur sína á Instagram.

„Fyrir um tveimur árum spurði ég fylgjendur mína á Instagram hvort ég ætti ekki að gerast Tik Tok-stjarna í djóki," segir Álfgrímur. Grínið varð þó fljótt að alvöru og fylgjendum hans á Tik Tok fjölgaði hratt og frægðarsól hans reis svo hratt í faraldrinum að uppi varð fótur og fit í miðbænum þegar hann mætti út á lífið á dögunum.

15 sekúndna frægð

„Það er náttúrulega það skrítna við að búa í þessu smáþorpi sem Ísland er að allir hafa séð mig á Tik Tok hvort sem þau vilja það eða ekki," segir Álfgrímur hlæjandi.

„Þetta var samt í fyrsta skipti sem ég upplifði á eigin skinni hversu margir eru að fylgjast með mér, þar sem það hefur náttúrulega ekki verið svona mikið af fólki í bænum síðastliðið ár."

Frá því heimsfaraldurinn barst til landsins hafa yfir átta þúsund manns byrjað að fylgja Álfgrími og horft hefur verið á þó nokkur myndbönd hans yfir milljón sinnum. „Mér finnst ótrúlega gaman að klippa og búa til myndbönd og þetta er í raun mjög hröð leið til að gefa út efni."

„Þetta er hannað þannig og það er endalaust magn af afþreyingu þarna til að stela tíma manns," segir Elfgrime um hið ávanabindandi Tik Tok. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er náttúrulega það skrítna við að búa í þessu smáþorpi sem Ísland er að allir hafa séð mig á Tik Tok hvort sem þau vilja það eða ekki.**

Myndbönd á forritinu eru yfirleitt í kringum fimmtán sekúndur en hámarkslengd er ein mínúta. „Það er líka þannig að á Tik Tok eru alls ekki allir að búa til efni heldur mjög margir bara að skoða," útskýrir Álfgrímur.

„Forritið er hannað þannig að fólk er að skrolla og horfir ekki lengi á hvert myndband." Mikilvægt sé því að eitthvað grípi athygli fólks strax.

Þreytandi hatur

Algóritminn á Tik Tok er frábrugðinn því sem gengur og gerist á samfélagsmiðlum. „Á Tik Tok þegar maður deilir einhverju er það í raun fyrir alla sem eru á Tik Tok. Ekki bara þá sem fylgja manni," segir Álfgrímur en þetta eykur líkurnar á því að efni berist til fleiri notenda nái það vinsældum.

Álfgrímur gefur allt sitt efni út á íslensku þannig að það nær yfirleitt mikilli dreifingu meðal Íslendinga. „Það hefur ekki gerst oft að eitthvað frá mér verður „viral" út fyrir landsteinana þar sem þetta er oft frekar staðbundið efni um fréttir líðandi stundar fyrir Íslendinga."

Fylgjendahópur Álfgríms er mjög fjölbreyttur þótt meirihlutinn sé ungt fólk. „Það eru náttúrulega ótrúlega mikið af börnum og unglingum á Tik Tok og fyrst var það þannig að það var aðallega þessi hópur sem vissi af mér en núna er þetta orðið fólk á öllum aldri."

Álfgrímur nefnir athugasemdakerfið sem helsta gallann við Tik Tok. „Það getur verið þreytandi þegar fólk, eða aðallega einhver börn sem eru orðin leið á því að vera börn, eru að nýta þennan miðil til að vera með hatur og leiðindi."

Álfgrímur hefur þó persónulega ekki orðið fyrir miklu aðkasti en bendir á að allir fái einhverjar leiðinlegar athugasemdir og nefnir til dæmis eitthvað á borð við: „Þetta er ömurlegt og þú sökkar."

Elfgrime-stíllinn

Álfgrímur er einnig þekktur fyrir nýstárlegan fatastíl og fékk vin sinn, Viktor Weisshapel, í lið með sér við hönnun á peysum og bolum í Elfgrime-fatalínunni. „Við erum vinir af því að fólk heldur að við séum bræður eða tvíburar því við erum svo líkir í útliti," segir Álfgrímur kíminn.

„Þessi föt eru mjög lýsandi fyrir það hvernig ég er, þetta er í rauninni bara ég í líki fatnaðar," segir Álfgrímur um leið og hann viðurkennir að hann sé ekki fyrsti Íslendingurinn til að gefa út Tik Tok-varning. „En ég held að mín lína sé samt flottust." ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Allskonar fyrir fríið
svo okkur líði betur

LYFSALINN
APÓTEK

URÐARHVARFI 8

Vichy
Sólarvörnin fyrir þá sem velja húðvörn sem nærir húðina og verndar hana á sama tíma. Margar gerðir.

SÓLARVÖRN OG AFTER SUN

Eucerin
er þróað í samvinnu við fremstu húðlækna með það að markmiði að halda húðinni heilbrigðri og fallegri.

FREYÐITÖFLUR

OFNÆMISLYF

Sinomarin:
100% náttulegt nefsprey, þynnir slím, dregur úr bólgum, hreinsar nefhol og veitir vernd gegn efri öndunarfærasýkingum og fylgikvillum.

MYGGA
áhrifarík flugnafæla sem veitir allt að 9 klukkustunda vörn gegn flugnabiti.

FLUGU- OG SKORDÝRAVARNIR

Bugwatch
armbandið sem ver alla fjölskylduna fyrir flugnabiti.

SNYRTIVÖRUR

PLÁSTRAR

Verið velkomin í glæsilegt apótek Lyfsalans í Orkuhúsinu, Urðarhvarfi 8

OPIÐ
9.00 - 17.30
virka daga

LYFSALINN Urðarhvarfi 8 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is / **www.lyfsalinn.is**

Lyfsalinn er líka í **Glæsibæ** (opið 8.30 til 18.00 virka daga) og með bílaapótek við hlið Orkunnar á **Vesturlandsvegi** (opið 9 til 22 alla daga).

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Heilagir mánudagar

Á spænskum sunnudagseftirmiðdegi er freistandi að hlamma sér í sófa, eftir þungan málsverð, og horfa á eina af þessum þýsku bíómyndum sem þá eru sýndar á ríkisstöðinni. Þær eru allar unnar eftir sömu forskriftinni svo þar er náttúrufegurð mikil, alltaf sumar, allir brúnir og sætir og síðan kviknar ást þar sem síst skyldi. Þó undarlegt megi virðast valda þessar glansmyndir mér frekar tómlæti gagnvart þýskum sveitum heldur en hitt. Sem minnir mig á að áhugi minn á Bandaríkjunum er ekki til kominn af Hollywood hetjumyndum þar sem allir eru sexí nema vondi karlinn, heldur af sögum af venjulegu fólki sem er ekki að meika það undan þyngslum mánudagsins.

Svo er það þannig þegar ég kem í þorp, þar sem ég hef áður búið, að gamlir og gráir mánudagar, með vinnuáhyggjum og lífsins reipitogi, vakna innra með mér og fylla anda minn svo af ást uns ég veit varla hvar sál mín endar og þorpssálin byrjar en á meðan verða glaumur og glans einsog hvert annað hjóm. Eru það sem sagt þrautirnar sem fá okkur til að elska og þrá? Allavega hefði ást Ódýsseifs á Íþöku aldrei komið til tals hefði hann ekki fyrst hrakist þrauta á milli um gjörvallt Miðjarðarhafið í tíu ár.

Ég vona því, elskan mín, að þú eigir eftir að lifa sætar sigurstundir og unað í hrönnum og endilega leyfðu mér að fylgjast með glansinu á fasbókinni. En gleymdu því ekki að það var helvítis mánudagsblúsinn sem gerði þig svona sérstaka og yfirmáta mannlega. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

★ GERIÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA í sumar

HEIMA ER BEST

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU – EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 439.900.-

BODYPRINT® Reverie® Sleep well tonight. Live better tomorrow.™

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

SÆNGURVER OG NÁTTSLOPPAR

HANDGERT ILMKERTI MEÐ SUMARLEGUM BERJAILMI

VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI

SUMARLEG SÆNGURVERASETT

OUTLET

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BOÐI

Svefn & heilsa ★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 – AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET – LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.